

SIRKUS^{RVK}

3. FEBRÚAR 2006 | 5. VÍKA

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

STELPURNAR Í SÓFANUM

**HVAR ERU
SMOKKA-
SJÁLFSALARNIR?**

NÍNA BJÖRK OPNAR DYRNAR

BRYNJA NORÐFJÖRÐ

**DREKKUR RJÓMA TIL AÐ
STÆKKA BRJÓSTIN**

FEBRÚARTÍSKA - SIRKUS GERIR GÓÐ KAUP

STUTTMYNDIN SÍÐASTI BÆRINN
EFTIR RÚNAR RÚNARSSON ER
TILNEFND TIL ÓSKARSVERÐLAUNA.

MYNDIN SEM LENTI OFAN Í SKÚFFU

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Undankeppni Eurovision. Við mælum eindregið með stund fyrir framan imbann á laugardögum strax eftir fréttir. Hjúfrið ykkur saman, með gott í glasi og smá nasl. Komið ykkur í gírinn. Varla er til betri upphitun fyrir skemmtilegt kvöld en undankeppni Eurovision þar sem áhersla er lögð á dans og söng og nóg grín. Þá er bara að vona að það verði ekki of mikið af rölegum lögum.



Bíltúr. Toppurinn á tilverunni er að skella sér upp í bíl, með sunddótið og góða skapið í rassvasanum og bregða sér austur fyrir fjall. Staðurinn er gamla sundlaugin í Hveragerði. Hún er draumur í dós, þetta er svona eðalkokteill, þar sem bíltúrin er upphitun, svo er svamlað í sundi og slappað af í pottinum. Útsýnið er frábært – dýrindislegir fjallstindar. Eftir að þú ert orðið lítið rúsinu-rassgat, er stoppað í Eden (alltaf klassik) og skellt sér á einn borgara eða pulsu með öllu.



Superbowl. Á sunnudaginn mætast Seattle sjávarhaukarnir og Pittsburgh stálið í úrslitaleik NFL. Keppnin um Ofurskálina. Þetta er einn stærsti íþróttaviðburður ársins og ekki spilla skemmtiatriðin fyrir. Það eru sjálfir Rolling Stones sem halda uppi fjörinu í hléi. Þess má til gamans geta að auglýsingasekúndan á þessum viðburði er sú dýrasta sem um getur.

SÓLSKIN OG SÓDAPOPP

Á LAUGARDAGINN ÖPNA FJÖLLISTA-MENNIRNIR ÓLAFUR ORRI OG GEIR HELGI MYNDLISTARSÝNINGU Í HÚSAKYNNUM RAUÐHETTU OG ÚLFSINS AÐ TRYGGVAGÖTU. SÝNINGIN BER UNDIRSKRIFTINA SÓLSKIN OG SÓDAPOPP EN ÖLL VERK SÝNINGARINNAR ERU MÁLUÐ Í PASTELLITUM.

Ég mála til þess að gleða fólk. Eða að minnsta kosti reyni það,“ segir Ólafur Orri fjöllistamaður sem opnar myndlistarsýninguna Sólskin og sódapopp ásamt félaganum og samstarfsmanni Geir Helga á laugardaginn.

Ólafur Orri og Geir Helgi unnu nánast öll verk sýningarinnar í sameiningu. En þó eru verk á sýningunni sem þeir unnu hvor í sínu lagi. Leiðir þeirra félaga lágu saman í Listaháskólanum og síðan hafa þeir unnið töluvert saman.

„Það er mikil tilhlökkun fyrir sýninguna. Það er ákveðinn hópur sem mætir á allar þær sýningar sem ég hef haldið hingað til. Ég vona bara að sýningin verði vel sótt,“ segir Ólafur Orri.

Öll verk sýningarinnar eru máluð í pastellitum og þaðan dregur sýningin nafn sitt Sólskin og sódapopp. Sýningin stendur yfir í óákveðinn tíma en eins og áður segir opnar hún stundvíslega klukkan 18.00 á laugardag, í Rauðhettu og úlfinum, Tryggvagötu. DJ Beatmakin Troopa sér um léttu house-tónlist við opnunina og að sjálfsögðu lætur kampavinið sig ekki vanta.

HH

SIRKUSÁVARPIÐ HLÚUM AÐ MENNING- ARLEGUM GILDUM

Reykjavík hefur alla burði til þess að verða vinsæl menningarborg – þekkt fyrir eitthvað annað en graðar stelpur og dýran bjór. Þessi ranga og leiðinlega mynd af borginni virðist aldrei ætla að hverfa. Fyrsta skrefið í áttina að því að gera Reykjavík að virtri menningarborg fyrir annan markhóp en graða ferðalanga er að leyfa götulistamönnum að spila fyrir pening. Í þessu tölublaði Sirkuss fer Helgi Valur trúbador ásamt blaðamanni niður í Austurstræti og spilar fyrir pening. Það er ólöglegt, ef þú hefur ekki leyfi frá Reykjavíkurborg eins og Jojo. En til þess að böskíð gangi upp þarf ekki bara að lögleiða það fyrir alla heldur þarf líka að gera fleiri göngugötur. Lokum Laugaveginum fyrir bílaumferð. Það er fyrsta skrefið. Helgi Valur telur líka að þetta myndi róa Íslendinga niður í lífsgæðakapphlaupinu. Hann er enginn vitleysingur, hann er með BA í félagsfræði.

Listamaðurinn Curver Thoroddsen heldur yfirlistarsýningu á verkum sínum í Nýlistasafninu. Á sýningunni kennir ýmissa grasa og greinilegt að Curver hefur verið duglegur í gegnum tíðina. Hann er ekki eini listamaðurinn sem hefur verið duglegur þó að vissulega eigi hann sér engan líkan. Raunin er hins vegar sú að fjöldi ungra og efnilegra listamanna er að gera merkilega hluti, sem fá ekki næga athygli og umfjöllun.

Ef böskíð verður leyft og listamenn hætta að sofa til hádegis gegn því að fá meiri stuðning, erum við á réttari leið að gera Reykjavík að menningarborg. Miklu meiri menningarborg en hún var árið 2000 þegar hún var menningarborg Evrópu.

Sólmundur Hólm

365

SIRKUS®

Auglýsingastjóri: Hannes Steindórsson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritsjórn: Hjörvar Hafliðason, Sigríður Ella Jónsdóttir og Sólmundur Hólm.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja




Forsömuyndina tók Niels Thastum af Rúnari Rúnarsyni.

EFNI

- 4 – Geir Ólafsson vill Sean Connery sem afa
- 6-7 – Hvar eru smokkasjálfsalarnir?
- 8-9 – Síðasti Bærinn lenti ofan í skúffu
- 10 – Curver Thoroddsen í þrjátíu ár
- 12 – Nina Björk opnar dyrnar
- 14 – Spurningakeppni dyravarðanna
- 16-17 – 2200 kall á tímarnum fyrir að böska
- 22-23 – Útsölumania – Sirkus gerir góð kaup
- 26-28 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanaliðið í Reykjavík

31 – Brynja Norðfjörð drekkur rjóma til að stækka á sér brjóstin





HEIMURINN Á



MARGT ÓLÆRT



GEIR ÓLAFSSON ER ALDREI LANGT UNÐAN SVIÐSLJÓSINU. SÖNGVARIN KNÁI ER NÝ-BÚINN AÐ KEPPA Í FORKEPPNI EURO-VISION OG LENTI Í FIMMSTA SÆTI OG Á ÞVÍ ENN MÖGULEIKA Á ÞVÍ AÐ KOMAST Í ÚR-SLIT. SIRKUS ÁKVAÐ AÐ TAKA PÚLSINN Á GEIR OG TAKA HANN Í YFIRHEYRSLU.

SIRKUSMYND - E. ÓL.

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Brennslutöflum. Fólk sem nennir ekki að hunskast í ræktina á ekki að taka einhverjar töflur til þess að reyna að losna við skvapið. Það horfir á umbúðirnar og sér mynd af maga sem Arnar Grant myndi ekki hata að hafa og heldur að einhverjar töflur geti gefið því slík-an mallakút. Hjartað fer illa á þessu helvíti.



Fólki sem hlær í bíó á vitlausum tíma. Það er mjög þreytandi þegar dramatísk atriði eru í gangi í kvikmyndum og fólk fer að hlæja. Þetta hefur verið sérstaklega áberandi á myndinni Munich þar sem mörg dramatísk atriði eiga sér stað en svo virðist sem bíó-gestum tækist að sjá skoplegu hliðarnar á morðum.



Haltu mér, slepptu mér. Þór sem eru alltaf að hætta og byrja aftur saman eru gjörsamlega óþolandi. Getur fólk ekki skilið að þegar einu sinni er hætt verður ekkert bætt. Fólk þarf að vera óhrætt við að horfa ferskt fram á við og það má ekki hræðast frelsið. Hamingja er málið.



Hægfara fíflum á vinstri akrein. Hvenær ætlar fólk að átta sig á því að vinstri akreinin er fyrir þá sem vilja keyra hraðar og taka fram úr? Allt of margir, og þá er ekki bara verið að tala um gamalt fólk, hanga á vinstri akrein eins og kjánar og virðast fá eitthvað út úr því að hafa aðra bíla í rassgatinu á sér.



Rólegum Eurovision-lögum. Mörg lögin eru nógu andskoti léleg til að þau þurfi ekki að vera róleg og væmin í þökkabót. Lög fara langt á fjörinu og aldrei mun Ísland ná árangri í Eurovision með rólegu lagi. Stuð, stuð, stuð og ekkert annað.

VILLE EIGNAST SEAN CONNERY SEM AFA

YFIRHEYRSLAN

HEFUR ÞÚ GENGIÐ INN Á FORELDRA ÞÍNA Í MIÐJUM ÁSTARATLOTUM?

Nei.

TAKE THAT EDA BACKSTREET BOYS?

Hvorugt.

EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR EINA MANNESKJU Í MANNKYNSSÖGUNNI TIL AÐ SOFA HJÁ, HVER YRÐI ÞAÐ?

Margaret Thatcher, bara upp á grínið.



LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Það er allt confidential og ég gef það ekki upp. Það væri brot á siðareglum vínafélagsins.

BYRÐU YFIR EINHVERJUM SÉRSTÖKUM HÆFILEIKUM?

Ég er alltaf að sýna ykkur það.

ER SVITALYKT SEXÍ?

Það fer eftir því við hvaða aðstæður.

EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR AFA, HVER YRÐI FYRIR VALINU?

Ætli það yrði ekki Sean Connery.

STYÐUR ÞÚ RÉTTINDA-BARÁTTU RAUÐ-HÆRÐRA Á ÍSLANDI?

Ég skil ekki til hvers.

HEFURÐU SAGT „VEISTU EKKI HVER ÉG ER“ Í BÆNUM?

Nei, aldrei nokkurn tímann.

HVER ER LEIÐINLEGASTI TÓNLISTARMAÐUR SEM ÞÚ HEFUR UNNIÐ MEÐ?

Aldrei lent í leiðinlegum músíköntum.

HVERNIG MYNDIRÐU HAFNA AUGLÝSINGUNA ÞÍNA Á EINKAMÁL.IS?

Sexy motherfucker!

HEFURÐU HÖSSLAÐ ÚT Á AÐ ÞEKKJA PÁL RÓSIN-KRANZ?

Nei, guði sé lof.



HEFURÐU SPÁÐ Í AÐ TATTÚERA NAFN KÆRUSTUNNAR ÞINNAR Á RASSINN Á ÞÉR?

Neeei, það hef ég aldrei gert.

EF ÞÚ SÆIR ÁRNA MAGNÚSSON FÉLAGS-MÁLA RÁÐHERRA FULLAN NIÐRI Í BÆ, MYNDIRÐU ÞÁ HRINGJA Í HÉR OG NÚ OG SEGJA ÞEIM FRÁ OG FÁ SMÁ AUKAPENING?

Nei, svo illa staddur er ég ekki.

HVAÐA FRÆGU BÖGGARÐU ALLTAF Á DJAMMINU?

Ég er aldrei á djamminu, ég stunda ekki slíkt óheilbriggt lífferni.

BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLENDI!

Finnst þér Davíð Oddson sexí?

DÓ UNG ÚR HETJAN MÍN ANOREXÍU



REGÍNA ÓSK – LÍTUR UPP TIL KARENAR CARPENTER.

KAREN CARPENTER

„Það er náttúrulega Karen Carpenter,“ segir Regína Ósk söngkona. „Hún er algjörlega mín hetja í söngnum, kom sér áfram sem trommuleikari og endaði svo sem söngstjarna,“ segir Regína sem sjálf er söngkona af lífi og sál eins og alþjóð veit. „Hún var rosalega flott þá. En það leiðinlegasta er að hún dó svo ung úr anorexíu. En hún er og verður alltaf mín hetja í söngnum. Hin hetjan mín er enginn önnur en Aretha Franklin, hún er náttúrulega búin að vera drottningin svo lengi, heldur sér svo vel við,“ segir Regína Ósk sem þekkt er fyrir kraftmikinn söng eins og Aretha. „Ég bara verð að nefna hana, því hún heldur sér alltaf í fremstu línu, sama hvaða áratugur er, hún er bara ótrúleg, hún er bara alltaf kúl. Og flott, hvað er hún ekki á fimmtugsaldri?“ spyr Regína og bætir við að sjálf væri hún til í að vera í sama formi og Aretha Franklin á hennar aldri.

-SEJ





LINE 6

Spider II

Line6 þakkar magnaðar móttökur
á Íslandi og býður valdar vörur
á einstöku verði út febrúar

20-30%
afsláttur

Verðdæmi:

Spider II 112 75wött

kr. **31.900-** áður 39.900-

Spider II 210 120 wött

kr. **36.500-** áður 44.900-

Spider II 212 150 wött

kr. **39.900-** áður 49.000-



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skippholti 50d • Reykjavík • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is

HVAR ERU SMOKKA-SJÁLFSALARNIR?

STELPUR Hafa gaman af því að tala saman. Sirkus RVK hefur gaman af því að hlusta á stelpur tala og gerir það meira að segja vikulega. Þessi vika var engin undantekning og því voru nokkrar hressar stúlkur fengnar í sófann að þessu sinni.



KATAR MEd KAMPVÍN



ÁSLAUG TORFADÓTTIR, 23 ÁRA. ER Á ÖÐRU ÁRI Í KVÍKMYNDA- OG BÓKMENNTAFRÆÐUM Í HÁSKÓLA ÍSLANDS. ER Á LAUSU EN VAR GIFT Í ÞRÚ OG HÁLFT ÁR.

S

telpurnar sem setjast í sófann að þessu sinni stunda allar nám í bókmennta- og kvikmyndafræði. Þær kynntust aðallega í gegnum námið, nema Auður og Áslaug sem hafa þekkt mun lengur. Þetta eru ungar stúlkur á uppleið og fjöldinn allur af tækifærum bíður þeirra.

Lára: Það er úr svo mörgu að velja að það veldur manni gifurlegum valkvíða.

Áslaug: Það er flókið.

Lára: Núna er maður akkúrat á þeim stað í lífinu að nú á að kaupa sér íbúð í Grafarholti og fara að eignast börn. Fá sér silfurlitadán ískáp og eldavel í stíl. Ekki að það sé neitt að því.

Inga: Fá sér slydjujappa og frúarbíl.

Lára: Svo þykir líka skrytið að vera ekki í föstu sambandi á þessum aldri.

Auður: Það er mikil pressa á ungum konum að eignast börn. Þess vegna þykir það mjög skrytið að vera gagnkynhneigð kona sem vill ekki eignast börn.

Áslaug: Já, fyrst við förum út í það, þá vil ég ekki eignast

börn. Ég hef aldrei fundið fyrir þeirri löngun.

Auður: Af hverju er það samt svo slæmt? Það er ekki eins og við þurfum á fleiri börnum að halda í heiminum. Á manni að bera einhver skylda til þess að eignast börn?

Áslaug: En það er svo leiðinlegt, maður fær stundum á tilfinninguna að maður sé annars flokks kona ef maður vill ekki eignast börn.

Inga: En þú ert samt tuttugu og þriggja ára, þú tekur þessa ákvörðun núna

Áslaug: Mig hefur aldrei langað í börn og ég held að það muni aldrei breytast, en ég meina, aldrei segja aldrei.

ALLT SNÝST UM KYNLÍF

Talið berst frá framtíðarplönunum yfir í hnakkavæðingu.

Lára: Ég verð bara að segja það að ég á þrettán ára systur og ég hef miklar áhyggjur af því í hvert hlutirnir virðast stefna. Ég sé hana horfa á alla þessa nýju raunveruleikaþætti í dag, eins og þáttinn SplashTV og American Next Top Model til dæmis. Hvernig mótast þetta ungar stúlkur?

Inga: Það er svo mikið farið að snúast um kynlíf í dag.

Þegar ég var tólf ára var ég ekkert að spá í kynlíf né að reyna að vera kynsandi.

Auður: Popp TV er svo gegnsýrt af hálfberum söngkonum

Inga: Var ekki heróínulúkkið í tísku þegar við voru yngri?

Áslaug: Er ekki kvenlegur vöxtur aftur kominn í tísku?

Lára: Vei, ég vona það.

BRYNJA BJÖRK OG GILLZENEGER = JORDAN OG PETER ANDRÉ

Þær halda áfram að ræða hnakkavæðinguna alræmdu.

Áslaug: Hvaðan kom þessi hnakkasprengring? Allt í einu er allt hnakka þetta og hnakka hitt.

Inga: Þetta er orðin múgsefjun.

Lára: Ég held samt að þetta sé ekki í alvöru.


Áslaug: Það hefur kannski verið í gangi rosalega lengi.

Inga: En af hverju heitir stelpa þarna hnakkamella? Af hverju þarf það að vera kennt við karlkynsorðið og bætt við orðinu mella?

Auður: Ég sé bara Gillzenger fyrir mér þegar ég hugsa um hnakka. Ég var rosalega lengi óviss um hvort Gillzenger



ALLT SNÝST UM KYNLÍF Í DAG.



AUÐUR Í STUÐI



LÁRA

LÁRA GUÐRÚN ÆVARSDÓTTIR, 22 ÁRA. ER AÐ FLYTJA TIL LUNDÚNA Á MÁNUÐAGINN. VONAST TIL ÞESS AÐ KOMAST INN Í SKÓLA ÞAR EN ER ANNARS Á MILLI SKÓLA. VAR Í KVIKMYNDAFRÆÐI.

INGA ÞÓRA JÓNSDÓTTIR, 24 ÁRA. STUNDAR NÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS. ER Á ÖÐRU ÁRI Í BÓKMENNTA- OG KVIKMYNDAFRÆÐUM. ER Á LAUSU.

AUÐUR HALLDÓRSDÓTTIR, VERÐUR 24 ÁRA ÞANN 8. FEBRÚAR. ER Á ÞRIÐJA ÁRI Í BÓKMENNTAFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS.



væri að grínast. Og ef hann er að djóka með þetta þá er sorglegt hvað aðrir hnakkar líta upp til hans.

Inga: Ef ég hitti svona lið get ég ekki hætt að horfa á það. Maður sér þetta fólk ekki almennilega í framan vegna sólbrúngu og meiks.

Áslaug: Ætli Gillzenegger og Brynja Björk séu ekki svar Íslands við Peter André og Jordan.

Auður: Þau eru ekki þar

Inga: En mér finnst Jordan því miður ekki það kjánaleg.

Stelpurnar hneykslast á þessari athugasemd Ingu og hlæja.

FEMINISTAR FARA OFFARI

Auður: Afhverju er orðið feministi svona mikið tabú?

Áslaug: Því miður finnst mér að þessir ungu feministar stundum vera að beita sér fyrir svo skrítnum málum. Eins og að gera allt brjáláð út að því að Snoop væri að koma.

Lára: Eða að kvarta yfir því að forsætisráðherrann óskar Unni Birnu til hamingju með titilinn Miss World.

Auður: Það er kannski álfka og að vera ekki fylgjandi öllu því sem kirkjan gerir en vera samt kristinnar trúar. Fólk er

kannski ekki sammála öllu því sem sá stjórnmálaflokkur gerir sem það styður.

Áslaug: Jújú, þær koma alveg vel fyrir og færa góð rök.

Eru þið trúðar?

Lára: Ég er alveg kristin en ég fer ekki mikið í kirkju. Ég er bara að halda í barnatrúna eins lengi og ég get

Auður: Ég er hlynt aðskilnaði ríkis og kirkju.

Inga: Og engin andskotans skólagjöld.

Áslaug: Fordómar gegn trúnni eru orðnir svolítið áberandi hjá krökkum.

Inga: Ástæðan finnst mér vera að það er svo margt illt tengt trúabrögðum, til dæmis eru flestöll stríð í dag tengd trúmálum.

Auður: Hvað ætli margir myndu skrá sig viljandi í þjóðkirkjuna?

ÍSLENSKIR RUDDAR

Íslenskir karlmenn?

Lára: Míg langar svo í einhvern herraðmann sem býður mér út.

Inga: Íslenskir strákar mættu vera meiri herraðmenn.

Áslaug: Já, þeir eru algjörir ruddar.

Inga: Það vantar bara mannaði í íslensku þjóðina almenn.

Auður: Getur fólk ekki kynnst án þess að vera undir áhrifum áfengis?

Inga: Já, það er ekkert sniðugt að vakna daginn eftir og spyrja „Hvað heitir þú aftur“. Það er ekkert sniðugt að byrja þetta á öfugum enda, sofa fyrst hjá og kynnst svo.

Einu sinni var alltaf verið að hvetja fólk til þess að vera með smokkinn. Hvað varð um þá umræðu?

Inga: Mér finnst sú umræða vera döttin upp fyrir, að það sé allti í lagi ef þú ert bara á pillunni.

Auður: Hvar eru smokkasjálfsalarir?

Já, hvar eru þessir blessuðu smokkasjálfsalar?

Það er ein af fjölmörgum spurningum heimsins sem erfitt er að svara. Þökkum stelpunum fyrir skemmtilegt spjall um allt milli himins og jarðar.



ÞAÐ VAR MIKIÐ HLEGHÐ ÞEGAR STELPURNAR HITTUST

ÞAÐ VAR LÍKA MARGT RÆTT

RÚNAR FREYR RÚNARSSON ER Á LEIÐINI Á ÓSKARSVERÐLAUNA-HÁTÍÐINA. MYND HANS, SÍÐASTI BÆRINN, HEFUR VERIÐ TILNEFND SEM BESTA STUTTMYNDIN OG ÞARF ÞVÍ RÚNAR AÐ FARA AÐ GERA SIG KLÁRAN FYRIR RAUÐA DREGILINN. RÚNAR VAR Á SÍN-UM TÍMA BÚINN AÐ AFSKRIFA MYNDINA SEM HEFUR NÚ SKIL-AÐ HONUM TILNEFNINGU TIL ÓSKARSVERÐLAUNA.

Jú, jú, þetta er voða gaman og ætti að hjálpa manni eitthvað upp á framtíðina,“ voru viðbrögð Rúnars Rúnars-sonar þegar Sirkus RVK náði tali af honum eftir að hann fékk að vita að mynd hans, Síðasti bærinn, væri tilnefnd til óskarsverðlauna. Sirkus var fyrstu fjölmiðillinn sem náði tali af Rúnari en hann er búsettur í Kaupmannahöfn þar sem hann nemur kvikmyndagerð. „Ég fékk bara að vita þetta áðan þannig að maður hefur ekkert náð að hringja heim. Ég er búinn að vera fastur í tíma í allan dag. Búinn að vera með leikara upp á arminn í einu verkefni.“

AUÐVELDARA AÐ FÁ STYRKI

Myndin Síðasti bærinn var frumsýnd árið 2004. Hún hefur tveggja ára líftíma þar sem hægt er að fara með hana á sýningar um heiminn. „Hún er því að syngja sitt síðasta,“ segir Rúnar.

Fint að enda þetta með þessum hætti?

„Þetta er ekki dónalegt.“

Hvaða þýðingu hefur þetta?

„Þetta veitir manni vonandi greiðari aðgang að fjármagni. Þetta er alltaf helvítis peningastreð þannig að kannski fær maður tíu krónum meira næst.“

BEITIR HVÍTA GALDRI

Það er engum blöðum um það að fletta að það er heiður fyrir kvikmyndagerðarmann að hljóta tilnefningu til óskarsverðlauna.

Áttirðu von á þessu?

„Ég væri bara hrokafullur asni ef ég segði að ég hafi ekki gert mér neinar vonir, því að myndinni hefur gengið mjög vel. Svo er maður alinn upp í íslensku þjóðtrú og kann að beita hvíta galdri og ég er farinn að gera það óspart núna. Partur af hvíta galdrinum er að maður verður að hafa trú á því sem maður er að gera.“

Þannig að þetta kemur þér ekkert á óvart?

„Jú, jú, auðvitað,“ segir hann hlæjandi. „Það hefur gengið mjög vel með myndina í Evrópu en ég hef ekki fengið nein verðlaun á bandaríska svæðinu. Þannig að maður vissi ekkert hvernig þetta myndi leggjast í landann þar.“

SKÚFFUHUGMYND SEM GEKK EKKI UPP

Það leið ár frá lokum skrifa handrits myndarinnar áður en hún fór í upptökur. „Þetta var ein af þessum skúffuhugmyndum sem höfðu ekki gengið upp þegar ég var að skrifa þetta fyrst. Svo gekk ég í gegnum prófessjónal harmleik þegar ég var að gera heimildamynd. Þá hrundi hjá mér harði diskurinn og ég þurfti að senda hann til útlanda í við-



RÚNAR RÚNARSSON BRÁ SÉR Á BÆRINN MEÐ FÉLÖGUNUM ÞEGAR HANN HAFÐI HEYRT AF TILNEFNINGUNNI.

gerð í sóttreinsað herbergi þar sem má ekki vera rykögn og menn í einhverjum göllum opna harða diskinn. Þá fékk ég fína einbeitingu til að skrifa þetta,“ segir Rúnar.

Lán í óláni?

„Þá allavega small það sem upp á vanti.“

JÓN SIGURBJÖRNS BESTI LEIKARI LANDSINS

Það er Jón Sigurbjörnsson sem er stjarna

myndarinnar Síðasti bærinn. „Hann er besti leikari sem við höfum átt og sannkallaður heiður að fá að vinna með honum. Við höfðum unnið einu sinni saman áður og svo kom hann með í þetta verkefni og stóð sig svona líka rosalega vel. Ásamt öðru góðu fólki. Zik Zak sem framleiddi myndina, Skúli og Þórir stóðu vel við bakið á okkur. Sjóðurinn styrkti okkur líka og þegar allt þetta Óskarsallí byrjaði vantaði okkur silfurprent af myndinni líka

þannig að sjóðurinn hefur stutt vel við bakið á okkur í þessu kapphlaupi,“ segir Rúnar.

RÁÐRÍKUR EGÓISTI

Rúnar byrjaði að fást við kvikmyndagerð þegar hann var sautján ára. Þá gerðu hann og félagi hans Grímur Hákonarson saman mynd og unnu saman að nokkrum verkefnum upp frá því. „Svo tók egóíð að gera vart við sig hjá okkur, enda báðir mjög ráðríkir menn. Þá



SÁTTUR MAÐUR ÞARNA Á FERÐ.



JÓN SIGURBJÖRNSSON Í HLUTVERKI SÍNU Í MYNDINI.

MYNDIN SEM LENTI OFAN Í SKÚFFU



PÓRIR SNÆR ER FRAMLEIÐANDI MYNDARINNAR.

SIRKUSMYND – NIELS THASTUM

byrjuðum við að gera hlutina hvor í sínu lagi en notum hvor annan sem ráðgjafa," segir Rúnar. Síðan hefur ýmislegt runnið til sjávar, til dæmis óskarsverðlaunatilnefning.

FRIDRIK ÞÓR SKAFFAÐI UPPTÖKUVÉL

Þrír Íslendingar hafa verið tilnefndir til óskarsverðlauna áður: Friðrik Þór Friðriksson fyrir Börn náttúrunnar og Björk og Sjón fyrir Dancer in the Dark.

Er Friðrik fyrirmynd hjá þér?

„Hann er náttúrulega stærsti kvikmynda-gerðamaður sem við höfum átt og hefur gert margan frábæran hlutinn. Hann er líka einn af mörgum sem hjálpuðu okkur við þessa mynd. Hann var meðframleiðandi og það var fyrir hans sakir að við gátum tekið þetta upp á 35 millimetra filmu. Hann átti gamla kameru sem hann tók allar sínar fyrstu myndir upp á. Hann kom líka inn með ljósa-

búnað og góð ráð og annað," segir Rúnar. „Magni Agústsson var tókumaður myndarinnar, hann er mjög flinkur. Árni Óli sem er að fara að frumsýna sína fyrstu mynd í febrúar í fullri lengd var aðstoðarleikstjóri og bara hellingur af góðu fólki sem lagði hönd á plóg. Þarna ertu kominn með drög að þakkar-ræðu.

„Já, já.“

- SHS



JÓN SIGURBJÖRNSSON NENNIR EKKI AÐ MÆTA Á ÓSKARSVERÐLAUNAAFHENDINGUNA.

SKEMMTILEG VIÐURKENNING

„Ég hef ekki nema gott eitt um þetta að segja," segir Jón Sigurbjörnsson hlæjandi af kæti yfir tilnefningunni. Hann er stjarna myndarinnar Síðasti bærinn. „Ef kvikmyndin fær svona tilnefningu úr þetta stórum hópi mynda, þá er það mjög áhuga-vert og skemmtilegt. Bæði fyrir mig og ekki síst fyrir Rúnar sem gerði myndina. Því þetta er nú hans hugarsmið, hann samdi þetta og sá þetta allt til enda. Þetta er líka gaman fyrir þá hjá Zik Zak sem framleiddu myndina. Þeir veðjuðu á þennan unga strák. Þeir hafa trú á honum, ég veit það.“

Ætlarðu að fara á Óskarinn?

„Nei, andskotinn, ég nenni ekki alla leið vestur á Kyrrahafsströnd, ég nenni því nú ekki," segir Jón og hlær. Hann kys heldur að fara í góðan útreiðatúr um Biskupstungurnar og láta skella á skeið eftir malarlögðum reidgötum í stað þess að ganga rauða dregilinn.



OF FEITUR FYRIR GAMLA SMÓKINGINN

„Er hægt að vera eitthvað annað en ánægður?" spyr Þórir Snær Sigurjónsson, annar framleiðenda myndarinnar Síðasti bærinn. Hæstánægður. „Ég get ekki sagt að ég hafi átt von á því að myndin ætti eftir að hljóta tilnefningu. Svo gekk þetta vel, við unnum náttúrulega fyrstu hátíðina sem við fórum á. Svo vissum við í desember að hún væri á topp tíu. Það var svo um miðjan desember sem Akadémían hringdi og bað um annað print af myndinni. Þannig að við vissum að við værum á þessum sjortlista. Þá fengum við þá hugsanlegu von að fá tilnefningu," segir Þórir.

Þú munt að sjálfsgöðu mæta á hátíðina?

„Við erum tveir tilnefndir, ég og Rúnar. Ég fer þarna fyrir hönd framleiðendanna, mín og Skúla Malmquist og Rúnar fer náttúrulega sem leikstjóri. Ég veit ekki hvort Skúli fari með okkur því hann á von á barni á sama tíma.“

Áttu smóking?

„Ætli hann sé ekki bara of litill. Ég hugsa að ég verði að fjárfesta í nýjum. Gott ef ég er ekki orðinn of feitur fyrir gamla smókinginn, þarf maður ekki líka að endurnýja fyrir svona tilefni? Þetta er allavega nógu góð ástæða," segir Þórir Snær Sigurjónsson.



MYNDIN GERIST Í AFVIKNUM DAL.



RÚNAR OG JÓN Á TÖKUSTAD.

CURVER Í ÞRJÁTÍU ÁR

CURVER THORODDSEN HELDUR NÚ YFIRLITSSÝNINGU Í NÝLISTA-SAFNINU Á LAUGAVEGI. SÝNINGIN HÓFST Á MIÐVIKUDAGINN MEÐ ÞVÍ AÐ LISTAMAÐURINN BREYTTI NAFNI SÍNU ÚR BIRGI ERNI THORODDSEN Í CURVER THORODDSEN. SÝNINGIN STENDUR EINUNGIS Í FIMM DAGA OG VERÐA TÓNLEIKAR Á HVERJU KVÖLDI. Á SUNNUDAGINN VERÐUR SVO SÝNINGARSTJÓRASPJALL MEÐ RAGNARI KJARTANSSYNI KLUKKAN ÞRJÚ OG AÐ ÞVÍ LOKNU ER KOMIÐ AÐ MÁLPINGI SEM INGIBJÖRG MAGNADÓTTIR STÝRIR. SIRKUS RVK FÉKK BIRGI TIL AÐ SEGJA FRÁ SÍNUM HELSTU VERKUM.

SIRKUSMYNDIR - VALLI



ÞETTA ER HÚDDIÐ AF GAMLA BÍLNUM MÍNUM, DAIHATSU CHARADE SEM VAR ALLTAF KALLAÐUR FÁLKINN. MEÐ ÞENNA LÍMMIÐA Á. FREKAR READY MADE-VERK. ÉG SÝNDI ÞETTA FYRST Á OPNUN Í GALLERÍ GEYSI '95.



ÞETTA ER NÝI STÍLLINN SEM ÉG KOM MEÐ HEIM FRÁ HOLLANDI ÁRIÐ 2000. ÞÁ HÉLT ÉG SÝNINGU Í GALLERÍ NEMA HVAÐ. ÞEGAR ÉG VAR AÐ TAKA ÞETTA SAMAN OG KUÐLAÐI ÞESSU SAMAN LEIST MÉR SVO ANDSKOTI VEL Á HVERNIG ÞAÐ LEIT ÚT.



FYRSTA OLÍUMÁLVERKIÐ MITT, NÓTT SÚRREALISMANS. MJÖG MIKILVÆGT VERK. ÞETTA ER Í EIGU DANÍELS ÞORSTEINSSONAR. ÉG GAF HONUM ÞETTA EFTIR SAMRÆMDU PRÓFIN.



ÞETTA ER FYRSTA VERKIÐ ÞAR SEM DAGLEGIR HLUTIR ERU GERÐIR AÐ LISTAVERKI. ÞETTA ER TOSSALISTI YFIR ÞAÐ SEM ÞURFTI AÐ GERA FYRIR 14. DESEMBER '98.



ÞETTA ER FRÁ ÞVÍ ÉG FÓR Í MEGRUN '99. ÞÁ SENDI ÉG FÓLKI DAGLEGA PÓSTKORT ÞAR SEM ÉG GREINDI FRÁ GANGI MÁLA. ÞAÐ ER HÆGT AÐ SJÁ ÞAÐ Á ÞESSUM MYNDUM HVERNIG GEKK. ÉG GRENTIST UM ÁTTA KÍLÓ Á EINUM MÁNUÐI.



ÞETTA ERU GÖMLU MÁLVERKIN MÍN FRÁ '93. STERKUR STÍLL SEM ÉG VAR AÐ BÚA TIL ÞÁ. BLANDA AF ABSTRAKT MÁLVERKUM OG POPPART. ÞESSI VERK VORU ÖLL SÝND Í LISTHÚSINU LAUGARDAL ÞEGAR ÉG OG FÉLAGAR MÍNIR HÉLDUM SAMSYNINGU. ÞETTA VAR TÍMAMÓTASÝNING Á SÍNUM TÍMA.



ÞETTA VERK GERDI ÉG ÁRAMÓTIN 99-00 OG 00-01. FÓLK VAR AÐ RÍFAST UM HVENÆR ALDAMÓTIN VÆRU OG ÞÁ DATT MÉR Í HUG AÐ PRENTA ÚT PLAKÖT MEÐ ÁLETRUNINNI BIBBLANIUM OG HENGJA UPP UM ALLAN BÆ. ÞAÐ ÁTTI VIÐ BÆÐI ALDAMÓTIN.



ÞAÐ VAR FYRRVERANDI KÆRSTAN MÍN TINNA ÆVARSÓTTIR SEM ÁTTI HUGMYNDINA AÐ ÞESSU VERKI. ÞETTA ER ENDURGERÐ Á MYNDINNI AF JOHN OG YOKO FRAMAN Á 2 VIRGINS. ÞETTA ER SVONA POPPLIST EINHVER. ÞETTA VAR 2002 EDA 2003.

10

ELSKRAÐU



SJÄLFAN ÞIG

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

SVEFNHERBERGIÐ

Þetta er notalegt svefnherbergi. Þetta herbergi gefur til kynna að ung kona á þritugsaldri dvelji hér. Hún gæti verið að hitta einhvern efnilegan en það vottar lítið fyrir sambúð.



SIRKUS RVK HELDUR ÁFRAM AÐ KÍKJA HEIM TIL FÓLKS OG FÁ ÁLITSGJAFNA TIL AÐ GISKA Á HVERNIG TÝPA Á HEIMA ÞAR. Í ÞETTA SINN LITUM VIÐ INN TIL NÍNU BJARKAR. EFTIR ÞAÐ FENGUM VIÐ SÖNGKONUNA VÉDÍSI HERVÖRU TIL AÐ REYNA AÐ ÁTTA SIG Á TÝPUNNI SEM ÞARNA BÝR.

SIRKUSMYND – STEFÁN

ELDHÚSIÐ

Eldhúsið er laust við allan íburð og þar af leiðandi mjög huggulegt. Trúlega er þessi dama ágætis kokkur. Það er auðvelt að teygja sig í áhöld og hjálpartól sem hentar einstaklega vel í matargerðinni.



ÞETTA SAGDI VÉDÍSI

HVERNIG? TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUSMYND – HEIÐA

STOFAN

Stofan ítrekar svo sama þema í íburðarleysi og manneskjan er ef til vill hrifin af ódýrum og þægilegum lausnum. Laus við allt snobb og hefur sérlega gaman af listum, menningu og lífinu. Gæti verið dansari af myndinni í stofunni að dæma, eða bara ansi lipur og hrifin af öðru lipru fólki og skellir mynd af því upp á vegg. Hljý ung kona.

LOKANIDURSTAÐA

Þetta er greinilega gamalt hús. Gæti verið miðbæjarrotta sem býr hér. Sefur í notalegu svefnherbergi og kann að elda mat. Íburðarleysi ein-kennir íbúðina sem kemur mjög huggulega út. Mögulega býr dansari í íbúðinni, allavega einhver sem hefur gaman af lipru fólki.

12

JÓI & FÉLAGAR

OPIÐ HÚS MILLI 16 & 18

LAUGARDAGINN 4. FEBRÚAR Á SKÓLAVÖRDUSTÍG 8

JÓI & FÉLAGAR 18 ÁRA

Á SKÓLAVÖRDUSTÍG (10 ÁRA)

PAUL MITCHELL

10 ÁRA Á ÍSLANDI

SIMBI 45 ÁRA

VELKOMIN/N



KRUMMI

SIRKUSMYNDR - STEFÁN



VALDI



KRON KRON FLYTUR

Jæja, þá er komið að því að Kron Kron stækkar við sig, viðskiptavinum til mikillar gleði. Kron Kron, sem opnaði í október fyrir ári síðan, hefur notið mikilla vinsælda fyrir frumlega hönnun og skemmtileg merki. Kron er að flytja á Laugaveg 63, Vitastígsmegin, og má þar nefna að í nýju Kron Kron verða nokkur ný merki og þar á meðal Vivienne Westwood sem oft er kölluð drottning pönksins. Hún hefur verið að hanna í meira en 30 ár og vekur athygli hvert sem hún fer. Hún var meðal annars öðluð af Elísabetu drottningu á dögum, geri aðrir betur. Húrra fyrir Kron Kron og til lukku.

KRUMMI Á SÓLON VS. VALDI Á GLAUMBAR

SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐA

SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐANNA HEFUR VERIÐ GRÍÐARLEGA VINSÆL OG HAFA DYRVERÐIR VÍÐSVEGAR UM LAND ÓLMIR VILJAD KOMAST AÐ. HAFFI Á PRIKINU, GUSSI Á OLIVER OG HJÖRTUR Á TRAFFIC ERU ALLIR KOMNIR Í UNÐAN-ÚRSLIT. SPENNUNA VANTAÐI EKKI FREKAR EN FYRRI DAGINN ÞEGAR RAGNAR HRAFN SVANBERGSSON Á SÓLON OG VALDIMAR INDRÍÐASON Á GLAUMBAR MÆTTUST Í SÍÐUSTU VIÐUREIGN ÁTTA MANNA ÚRSLITA.



1

1. HVERS LENSUR ER PATRICK SWAYZE SEM FER MEÐ AÐALHLUTVERKIÐ Í KVÍK-MYNDINI ROADHOUSE?

Krummi: Sænskur.
Valdi: Þýskur.



2

2. HVERSU GÖMUL HELDURÐU AÐ PAMELA ANDERSON VERÐI Á ÁRINU? A) 33 ÁRA B) 37 ÁRA C) 39 ÁRA D) 42 ÁRA.

Krummi: 39 ára.
Valdi: 37 ára.



3. HVERSU OFT VARÐ MAGNÚS VER MAGNÚSSON STERKASTI MAÐUR HEIMS?

Krummi: 5 sinnum.
Valdi: 2 sinnum.

4. Í HVADA STJÖRNUMERKI ER SÁ SEM ER FÆDDUR ÞANN 29. NÓVEMBER?

Krummi: Meyja.
Valdi: Ljón.

5. Í HVADA LÍKAMSREKTARSTÖÐ LÉST GOÐSÖGNIN JÓN PÁLL SIGMARSSON?

Krummi: Gym 80.
Valdi: Gym 80.

6. HVOR ER ELDRI, SLY STALLONE EDA ARNOLD SCHWARZENEGGER?

Krummi: Stallone.
Valdi: Stallone.

7. HVAD HEITIR SÖNGVARI AEROSMITH?

Krummi: Steven Tyler.
Valdi: Steven Tyler.

8. HVAD HEITIR BARINN Í HAMRABORG, MIÐBÆ KOPAVOGS, SEM HEFUR VERIÐ STARFRÆKTUR SAMFELT Í MEIRA EN ÁRATUG? A) CAFÉ MAMBÓ B) CATALINA C) KÓPAVOGSKRÁIN D) HAMRAKAFFI.


Krummi: Catalina.
Valdi: Kaffi Mambó.

9. HVER ER LEIKJAHÆSTUR AF NÚVERANDI LEIKMÖNNUM ÍSLENSKA LANDSLÍÐSINS Í HANDBOLTA?

Krummi: Óli Stef.
Valdi: Ólafur Stefánsson.

10. Á HVADA SKEMMTIÐ FÓR MAÐURINN SEM FÓR Í LJÓÐS ÞRISVAR Í VIKU Í ÞEKKTU LAGI BÍTLAVINAFÉLAGSINS?

Krummi: Hollywood.
Valdi: Hollywood.



Þeir félagar komu báðir með sterka endaspretti, en Krummi hafði þetta á seiglu og sigraði Valda með 7 stigum gegn 5. Þá eru undanúrslitin fullmönnuð og verður æsispennandi að sjá hvaða byssur mætast úr stórskotaliði dyravarðanna.



3



7



9



TALHÓLF FRAEGA FÓLKSINS...

STUTT KVEÐJA

Talhólf leikkonunnar Brynhildur Guðjónsdóttur er svohljóðandi:

„Þetta er hjá Brynhildi.“

Þetta er heldur betur stutt talhólfskveðja hjá Brynhildi. Hún nær að koma mjög vinalegu viðmóti á framfæri í einungis fjórum orðum og það er jákvætt. Hins vegar vekur þessi kveðja upp fleiri spurningar en hún svarar. Af hverju svarar Brynhildur ekki í símann? Hvað á sá sem hringir að gera? Hringja aftur? Senda SMS? Lesa inn skilaboð? Allt of margar spurningar sem krefjast svars.

☆☆☆☆☆

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

ÞAÐ ER ALLT ÞARNA

Heimasíða vikunnar er alfræðiorðabók netsins – Wikipedia.org. Á síðunni geturðu flett upp nánast hverju sem er og fengið einhverja snilld upp úr krasinu. Í það minnsta allar upplýsingar um fyrirbærið. Það eru notendurnir sem halda síðunni virkri með því að setja inn upplýsingar um hitt og þetta sem þeir þykjast hafa vit á. Nokkurs konar alfrótt samfélag. Strax eru komnar yfir 1000 íslenskar greinar. Það er í raun allt þarna. www.wikipedia.org.



SIRKUS ER AÐ SJÁLFSÖGÐU INNI Á WIKIPEDIA.

DAVIÐ ODDSSON ER KANNSKI GLEYMDUR Á ALÞINGI EN ALLS EKKI Á WIKIPEDIA.

SIRKUSTVÍFARAR



ATLI HILMARSSON, ÞJÁLFARI FH.

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru handboltapjálfarinn geðþekki Atli Hilmarsson og hinn hnyttni þjóðfélagsrýnir Loki. Það er einna helst nefið og augnsvipurinn sem er líkur með þeim félögum en þeir hafa eflaust afar gaman hver af öðrum. Loki þykir einn heitasti píparseinn bæjarins og dömurar í röðum á eftir honum en Atli Hilmarsson er hins vegar harðgíftur og þarf því ekki að notfæra sér það á djamminu að vera nauðalíkur Loka.



LOKI, KVENNAGULL OG ÞJÓDFÉLAGSRÝNIR.



LOTTÓ ER Í EIGU UMFÍ, ÍSÍ og ÖBÍ



ÁFRAM ÍSLAND!

ENNEMM / SÍA / INN20278

Við erum öll í sama liði - liðinu sem vinnur þegar þú spilar Lottó



2200 KALL Á TÍMAN



AUSTURSTRÆTI VARÐ EINS OG GATA Í STÓRBORG ÞEGAR HELGI VALUR MÆTTI Á SVÆÐID.

HELGI VALUR ÁSGEIRSSON ER EFNILEGASTI TRÚBADOR LANDSINS. HANN HEFUR SPILAÐ VÍÐA Á GÖTUM NORÐURLANDANNA OG LIFAÐ AF ÞVÍ. Á ÍSLANDI ER HINS VEGAR BANNAÐ AÐ BÖSKA ÞÓTT EINN MAÐUR HAFI FENGIÐ SÉRSTAKT LEYFI TIL ÞESS AÐ GERA ÞAÐ. HELGI VALUR ER HINS VEGAR ANARKISTI MIKILL OG LÆTUR ENGAN SEGJA SÉR HVAR OG HVENÆR HANN BÖSKAR. SIRKUS RVK FÓR MEÐ HELGA VALI NIÐUR Í BÆ OG FYLGDIST MEÐ VIÐBRÖGÐUM FÓLKS VIÐ BÖSKI.



LÖGREGLUÞJÓNNINN KUNNI VEL AÐ META HLJÓMA HELGA.



HELGI FÉKK 1100 KALL Á 25 MÍNÚTUM.



ÞESSI MAÐUR SAKAÐI HELGA UM AÐ SPILA „DÓPISTATÓNLIST.“

N FYRIR AÐ BÖSKA

„Ég held það sé best ég stilli mér upp hjá Café Paris,“ segir Helgi Valur Ásgeirsson þegar hann tekur á móti blaðamanni á Lækjartorgi. Hann ætlar að koma sér fyrir í Austurstrætinu og spila fyrir gangandi vegfarendur gegn smá klinki. Það er ekki leyfilegt, enda bannað að betla á Íslandi. „Það vantar almennilega göngugötu. Hér er allt of mikil umferð,“ segir Helgi. Hvað gerist þegar hann fer að spila? Kemur löggan? Fær hann einhvern pening?

REFFILEGUR JAKKAFATAKALL RÍÐUR Á VAÐIÐ

Helgi byrjar á því að spila lagið Can't Take My Eyes Off You með Íslandsvininum Damien Rice. Vegfarendur vita ekki hvernig þeir eiga að taka þessum söngfugli sem stendur fyrir utan Apótekið og syngur sín fegurstu ljóð. Reffilegur karl í jakkafötum hefur augljóslega siglt um heimsins höf og hendir hundradkalli í kassan hjá Helga eins og sönnum heimsborgara sémir. „Þetta er flott hjá þér,“ segir hann og brosir til trúbadorsins sem klæddur er í íslenska ull. Nokkrir verkamenn sem eru að helluleggja hinum megin við götuna fá nú skemmtilega tilbreytingu.

EKKI ALLIR SÁTTIR

Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður gengur framhjá meðan Helgi er að syngja. Hann kann að meta mannlífið. Einhver auli keyrir framhjá með músikina í botni. Taktfastur bassinn á ekki roð við trúbadornum. Þó er sem gangandi vegfarendum þyki Helgi Valur hreinlega skritinn enda ekki vanir svona böskurum. Nema kannski Jo Jo, en er hann ekki skritinn? Sitt sýnist hverjum. Flestir vegfarendur virðast vera sáttir við Helga. Þó er einn þeirra gjörsamlega á öndverðum meiði við hina. „Hvaða djöfulsins öskur eru þetta? Er þetta einhver helvítis dópisti?“, spyr maðurinn. „Ég veit ekkert hvaða náungi þetta er,“ svarar blaðamaður. Maðurinn vindur sér að Helga og eys yfir hann fúkyrðaflaumi. Sakar hann um að spila „dópistatónlist“ og allt hvað eina. Helgi lætur þetta ekki stöðva sig og hefur upp raustina: „Dayyyyyyyyy. After dayyyyyyyyy.“ Þegar Helgi er að koma að kaflanum. „Why cant I get, just one kiss?“ rykur maðurinn á brott. Ekki sáttur.

LÖGGAN HEFUR GAMAN AF

Þá kemur að því. Löggan er mætt. Virðulegur lögregluþjónn á gangi stoppar á mótis við Landsbankann. Hann virðir Helga fyrir sér og hlustar. Hvað ætlar hann að gera? Tekur hann upp kylfuna? Ljósmyndarinn setur sig í stellingar, reiðubúinn að smella af þegar lögreglumaður gengur í skrokk á böskara sem spilar dópistatónlist. En nei, allt kemur fyrir ekki. Hann brosir bara og heldur áfram sínu reglubundna eftirliti. Er þetta kannski löglegt? Í sömu andrá flýgur flugvél yfir miðbæinn og yfirgnæfir böskarann. Ein góð ástæða fyrir því að flugvöllurinn verður að fara.

2200 Á TÍMANN

Eftir um 25 mínútur eru tónleikar Helga Vals búnir. Þá er komið að því að telja í kassanum. 600,-kr. Það er nú ágætis tíma-kaup. Þegar Helgi hefur sett gítarinn í töskuna kemur útlendingur hlaupandi út af Café Paris með fimmhundrað króna seðil

og réttir Helga. „You're fucking crazy,“ segir hann og gengur í burtu eftir að hafa greitt fyrir skemmtunina. 1100 á 25 mínútum. Það er líklegast meira en verkamennirnir hinum megin við götuna fá í laun.

JO JO AFRAKTUR FÁKEPPNI

Helgi gefur sér tíma til að spjalla við blaðamann að loknum tónleikum. „Ég hef spilað í Kaupmannahöfn og Malmö. Ég framfleytti mér á spilamennsku í heilt sumar og í lok sumarsins var ég kominn inn á einhverja bari.“

Af hverju hefurðu aldrei spilað fyrir hér heima?

„Þetta er bannað. En eins og við sáum áðan þá skiptir lögreglan sér lítið af þessum málum. Hinsvegar eru aðstæður erfiðar hérna. Það eru engar göngugötur hérna og allstaðar umferð. Svo er svo mikið stress í Íslandinum en ég held að það hafi mikið að gera með að það er ekki til nein böskaramenning hérna.“

Hvað með Jo Jo?

„Hann er ímynd trúbadorsins sem ég er að reyna að eyða. Hann er afrakstur fákeppni. Þetta gerist þegar engin samkeppni er, sjáðu bara mjólkursamsöluna og sérleyfisbíllana. Þetta fer náttúrliga út í vitleysu og þjónustan við viðskiptavinum verður léleg. Do your fucking job.“

Á Jo Jo von á samkeppni?

„Það er aldrei að vita, kannski bara til að bæta samfélagið.“

„ÞETTA ER BANNAÐ. EN EINS OG VIÐ SÁUM ÁÐAN ÞÁ SKIPTIR LÖGREGLAN SÉR LÍTIÐ AF ÞESSUM MÁLUM. HINSVEGAR ERU AÐSTÆÐUR ERFIÐAR HÉRNA. ÞAÐ ERU ENGAR GÖNGUGÖTUR HÉRNA OG ALLSTAÐAR UMFERÐ. SVO ER SVO MIKIÐ STRESS Í ÍSLENDINGUM EN ÉG HELD AÐ ÞAÐ HAFI MIKIÐ AÐ GERA MEÐ AÐ ÞAÐ ER EKKI TIL NEIN BÖSKARAMENNING HÉRNA.“

NIÐURSTAÐA:

Premur spurningum var varpað fram í upphafi greinarinnar. A) Hvað mun gerast þegar hann fer að spila? B) Kemur löggan? C) Fær hann einhvern pening frá vegfarendum?

A) Vegfarendur virtust taka þessu ágætlega fyrir utan einn sem sakaði hann um að spila dópistatónlist.

B) Löggan kom en horfði bara á Helga spila. Virtist meira að segja kunna vel við þessa uppákomu.

C) Hann fékk heilar ellefu hundruð krónur greiddar fyrir aðeins 25 mínútna tónleika.

SHS



AUSTURSTRÆTI VARÐ EINS OG GATA Í STÓRBORG ÞEGAR HELGI VALUR METTI Á SVÆÐIÐ.



ÞÚ VERÐUR RÍKUR Á ÞVI AÐ BÖSKA.



HELGI NÆR TIL ALLRA ALDURSHÓPA.

KVIKMYNDAGERÐARMENN ERU STOLTIR AF ÞVÍ AÐ GETA SAGT AÐ KVIKMYNDIR ÞEIRRA SÉU BYGGÐAR Á SÖNNUM ATBURÐUM. SJALDNAST ER HÆGT AÐ SEGJA AÐ MYNDIRNAR SÉU ALGJÖRLEGA EFTIR RAUNVERULEIKANUM, ENDA VÆRU ÞÆR ÞÁ KANNSKI EKKERT SKEMMTILEGAR. OFT FARA ÞEIR ÞVÍ LANGT ÚT AF SPORINU OG MYNDIRNAR ENDA FJARRI RAUNVERULEIKANUM OG ÁHORFENDUR BLEKKTIR ALLSVAKALEGA. SIRKUS TÓK SAMAN NOKKUR DÆMI UM KVIKMYNDIR, SEM SVEIGDU ÚT AF SANMLEIKSSPORINU.

HVERNIG VAR ÞAÐ Í ALVÖRUNNI?



GOODFELLAS OG CASINO

Frábærar glæpamyndir sem gerðar voru af Martin Scorsese. Joe Pesci og De Niro eru mjög svalir bófar í þeim báðum, en að lokum fer allt að klinkka.

Í ALVÖRU

Myndirnar byggja algjörlega á raunverulegum atburðum. Málið er bara að mafiósarnir voru hálfjoppulegir, feitir kallar sem töluðu með heim. Ekki næstum því jafn svalir og Joe Pesci og Robert De Niro.



GLADIATOR

Aðstandendur kvikmyndarinnar The Gladiator héldu því aldrei fram að myndin væri byggð á sannsögulegum atburðum. Samt sem áður eru þessar sagnfræðilegar skírkotningar. Í kvikmyndinni kemst keisarinn Commodus sem leikinn er af Joaquin Phoenix til valda á vafasaman hátt. Hann býður hershöfðingjanum Maximus að ganga í lið með sér en Maximus sér í gegnum svikin og neitar. Eftir ótrúlega atburðarás er Maximus hirtur af þrælasölum og seldur í þrældóm, skyldingaprældóm. Hann kemst í morðvirkið Colosseum þar sem hann berst við hættulegustu skyldingapræla í heimi. Þar kemur keisarinn Commodus auga á hann, en getur ekki komið honum fyrir kattarnef, því þá myndi hann glata vinsældum. Í spennandi en ósanngjörnum bardaga drepu Maximus Commodus, en deyr svo sjálfur af eigin sárnum.

Í ALVÖRU

Ef raunveruleikinn væri jafn spennandi og kvikmyndin Gladiator væru engar kvikmyndir gerðar. Maximus var aldrei til, en Commodus var vissulega keisari. Persónan Maximus er byggð á nokkrum öðrum hetjum. Til dæmis Spartacus, sem var skyldingapræll en gerðist hershöfðingi, Cincinnatus, sem var rómverskur hershöfðingi sem þráði ekkert heitar en að snúa heim til fjölskyldu sinnar eftir að hafa klárað tímabilið sitt í hernum og svo loks Narcissus sem var sá sem drap keisarann Commodus. Narcissus var glímubjálfi keisarans Commodus og var fenginn af öldungadeildarþingmönnum í hinu forna Rómaveldi til þess að drepa hann. Þeir börðust samt ekkert, Narcissus kyrkti hann bara í svefni.

FARGO

Kvikmyndin Fargo hefst á orðunum: „Þetta er sönn saga. Atburðir kvikmyndarinnar áttu sér raunverulega stað í Minnesota árið 1987. Af virðingu við eftirlifendur og syrgjendur hefur nöfnun verið breytt, en allt annað er nákvæmlega eins og það gerðist.“ Lengi vel trúði fólk því að mannránið, morðin og maðurinn sem lenti í kurlaranum hefði allt sér stað.

Í ALVÖRU

Í raun og veru gerðist ekkert af þessu. Coen-bræður sem gerðu kvikmyndina eru þekktir fyrir að ljúga öllum andskotunum. Góð saga samt sem áður.



BRAVEHEART

Kvikmyndin Braveheart fjallar um hinn hugrakka William Wallace sem leiddi hóp skoskra kotbænda í uppreisn gegn Englendingum. Í leiðinni tekst honum að vinna ástir tilvonandi drottningar Breta, segja marga brandara, drepa gomu af náungum og deyja svo einum hetjulegasta dauðdaga sem sést hefur.

Í ALVÖRU

Það er í raun óþægilega margt í Braveheart sem er sannsögulegt. Reyndar er farið frjállega með persónur og er oft mörgum manneskjum steypt saman í eina. Svo átti William Wallace aldrei vinggott við tilvonandi drottningu Bretlands, það hefði verið einum of gott. Það er samt erfitt að segja hvað er satt og hvað ekki í myndinni þar sem sögur um William Wallace eru allar mjög goðsagna-kenndar.



DONNIE BRASCO

Kvikmyndin fjallar um FBI-manninn Joe Pistone sem fer í gervi glæpamannsins Donnie Brasco til þess að komast inn hjá mafiunni. Eftir að hafa eytt of miklum tíma með glæpamönnum fer hann að gleyma starfi sínu hjá FBI en á endanum tekst honum að handtaka alla. Verst er þó að vinur hans Lefty sem leikinn er af Al Pacino verður fyrir miklum vonbrigðum og í lokin er það gefið í skyn að hann hafi verið drepinn fyrir að koma með svikara í raðir mafiunnar.

Í ALVÖRU

Myndin er algjörlega byggð á rannsókn Joe Pistone og er ótrúlega nákvæm. Lefty var hins vegar aldrei drepinn heldur bjargaði alríkis-lögreglan honum þegar átti að drepa hann. Í raun og veru lést hann árið 1995 úr krabbameini, en í kvikmyndinni var hann þegar farinn að veikjast.

TEXAS CHAINSAW MASSACRE

Kvikmyndin um keðjusagar-morðingjann í Texas hefur verið gerð og endurgerð. Í fyrsta skiptið var það Íslendingurinn Gunnar Hansen sem lék morðingjann. Fimm ungmenni vafru inn í undarlegan bæ þar sem allt er ógeðslegt. Þar hitta þau sjúka fjölskyldu og enn sjúkari son sem vill skera þau í tætlur með keðjusög og nær þeim flestum að lokum. Myndin var sögð vera byggð á raunverulegu sakamáli.



Í ALVÖRU

Það var raunverulega til einhver kjúklingur sem drap einhverjar konur, bútaði þær í sundur og mömmu hans var nokkuð sama. Svo var hann dæmdur fyrir tvö morð en grunaður um miklu fleiri. Leikstjórnin fékk hugmyndina þegar hann sá keðjusagur á útsölu og svo sagði honum einhver frá morðingjanum. Svona næstum því sannsögulegt, samt eiginlega ekki.

Dóri DNA

Spiritmik

Kringluni-Klapparstig

KVALAAMBAANAAR
1 FEB. 20
KVALAAMBAANAAR
1 FEB. 20

1 KILLO

3,500 KR.


EKKIVERDA
EFTIR UTI
KULDANUM



Spiritmik
Kringluni-Klapparstig



NAMOSH ER MÆTTUR Á KLAKANN.



ELEKTRÓPRINSINN OG KATTAVINURINN NAMOSH

Í LOK SUMARS ÁRIÐ 2005 ÁTTI SÉR STAÐ MJÖG FERSKUR EN ALLRA HELST EFTIRMINNILEGUR ATBURÐUR Á SKEMMTISTAÐNUM SIRKUS. ÞAR VORU HALDNIR TÓNLEIKAR, EÐA TÓNLISTARVIÐBURÐUR EF SVO MÆTTI SEGJA, ÞAR SEM HAIRDOCTOR OG NAMOSH STIGU Á STOKK.

„Ég hlakka mjög mikið til að koma til Íslands. Ég er alveg að deyja.“ segir tónlistarmaðurinn Namosh sem er frægur fyrir tónlist sína sem og framkomu. Namosh er 24 ára og búsettur í Berlín en hefur farið víða. Nú heiðrar hann okkur Íslendinga í annað sinn á Nasa á laugardaginn. Það eru Hairdoctor, Margeir & Blake og að sjálfsögðu DJ Casanova sem sjá um að hita manskapinn upp.

TYRKNESKUR BERLÍNARBÚI

Namosh er af tyrkneskum ættum, og er sagður geta haldið uppi heiðri Berlínar sem tónlistarborg líkt og Peaches eða Miss Kittin gerðu og gera. Hann hefur gefið út ýmislegt um dagana og ber þar að nefna EP-plötur og nokkra vínula. Svo núna í apríl eða maí gefur hann út sína fyrstu stóru plötu hjá Bungalow Records. Platan heitir „Moccatongue“ og inniheldur 17 tryllt lög sem vert er að hlusta á. Namosh ætlar að taka nokkur lög af plötunni í fyrsta skipti á laugardaginn á Nasa. Eins konar frumsýning, sérstaklega fyrir okkur.

FRUMSÝNING Á NASA

„Tónlistin mín er margbreytileg, jafnvel tilviljanakennd.“ segir Namosh ákafur. „Það er mjög erfitt að lýsa því. Nýja platan mín „Moccatongue“ er í góðu jafnvægi. 50% plötunnar eru danstónlist, hin 50% eru síðan að mínu mati róleg, fljóttandi og meiri hamingja sem verður svo aðeins þyngri og meira svona „sækó“,“ segir hann hlæjandi.

Hvað ætlarðu að bjóða upp á á Nasa?

„Það má segja að tónleikarnir hjá mér verði frumflutningur plötunnar minnar. Þetta verða „premier live“-tónleikar hjá mér og ég er alveg ofsalega spennur. Ég er fullur af orku, því ég hef einbeitt mér undanfarið að nýju plötunni. Ég hef ekki haldið tónleika síðan í desember og

er fullur tilhlökkunar að spila fyrir áhorfendur,“ segir Namosh sem kemur hingað í dag, föstudag, og verður fram á þriðjudag.

SAMDI LÖG Á ÍSLANDI

Hvernig lagðist Ísland í þig þegar þú komst hingað síðast?

„Mér fannst dvöl mín á Íslandi alveg hreint dásamleg og hver einasti dagur var algjört ævintýri. Núna ætla ég að keyra í gegnum sveitina. Gegnum sveitasæluna vegna þess að síðast þegar ég kom varð ég veikur þegar ég loksins gat skoðað og gert eitthvað. Ég lá bara fyrir en í staðinn gerði ég tvö lög sem eru núna á nýju plötunni minni,“ segir Namosh glaður í bragði. „Ég ætla að spila þessi lög á tónleikum og ég lét áhorfendur vita hver þau eru áður en ég spila þau.“ Hann bætir við að hann sé ánægður að fá að spila á Nasa; aðallega út af hljóðkerfinu, sviðinu og stærð staðarins. „Ég get þá misst mig gjörsamlega og notið þess að spila í botn,“ útskýrir Namosh.

„ÉG LEGG EKKI Í AÐ FERÐAST TIL BANDARÍKJANNA MEÐ TYRKNESKT VEGABRÉF ÞVÍ ÞAR ER STRAX LITÐ Á MIG SEM HRYÐJUVERKAMANN.“

SPILAÐI UNDIR BERUM HIMNI Í SÍBERÍU

Þú hefur spilað á mörgum tónleikum. Eru einhverjir sem standa upp úr?

„Það er ekki hægt að velja á milli, allir tónleikar eru sérstakir og eftirminnilegir á sinn hátt. Ég get samt nefnt eina, þá var ég að spila í Síberíu. Það var geggjað, þar spilaði ég úti undir berum himni nema að það var ískalt, þetta var 2004 og vá hvað það var kalt,“ segir Namosh sem hlýnar greinilega um hjartarætur við að rifja þessa köldu kvöldstund upp.

Spilarðu aðallega í Berlín?

„Ég spilaði mjög oft í Berlín árin 2002 og 2003, ég spilaði allt of mikið, allt upp í fjórum sinnum í mánuði,“ segir hann og hlær. „En ég sem betur fer staldraði aðeins við og árið 2004 fór ég að túra um allan Spán, Rússland og fleira.“

TALINN HRYÐJUVERKAMAÐUR

Namosh hefur spilað víða en þó eru Bandaríkin og Asia óplægður akur hjá þessum magnaða tónlistarmanni. „Það er vegna þess að ég er ennþá með tyrkneskt vegabréf, þrátt fyrir að ég sé Þjóðverji og hafi alltaf búið þar. Foreldrar mínir eru frá Tyrklandi en ég er fæddur og uppalinn í Þýskalandi. Ástæðan gæti verið sú að foreldrar mínir hafi verið of latir til að láta gera nýtt vegabréf handa mér,“ segir Namosh og skellir upp úr, en bætir við: „Ég legg ekki í að ferðast til Bandaríkjanna með tyrkneskt vegabréf því þar er strax litíð á mig sem hryðjuverkamann.“ Hann segir það ekkert grín og sérstaklega hættulegt fyrir karlmenn.

ALINN UPP Í SMÁÞORPI MEÐ SJÖ SYSTKINUM

Hver ertu, hvaðan ertu?

„Ég er frá litlu þorpi í Suður-Þýskalandi og bjó þar langt fram eftir með sjö systkinum, það var alveg draumaumhverfi til að alast upp í, góðar minningar. En það erfiða var að það var ekki örvandi eða hvetjandi fyrir mig og tónlistina mína. Ef ég til dæmis vildi taka eitthvað upp þurfti ég að keyra alla leið til næstu stórborgar og það var frekar erfitt og langsótt,“ segir Namosh og andvarpar. „Sautján ára gamall flutti ég til Berlínar til að auðvelda mér lífið og er ofsalega ánægður að búa þar. Þar á ég auðveldara með að gera tónlistina mína, skiljanlega, þar get ég framkvæmt allt og gert tónlistarferilinn að raunveruleika,“ segir hann.

INNBLÁSTUR FRÁ KETTINUM CARPÚ

Namosh segir erfitt að skilgreina hvað veiti honum innblástur en þó er eitt lag sem hann veit hvaðan hann fékk innblásturinn. „Það er eitt lag á plötunni sem ég gerði og heitir No cat, no forget sem er um köttinn minn. Í raun og veru er þetta lag um alla kettina í lífi mínu, og þá sérstaklega einn sem hét Carpú. Pabbi gaf Carpú á eitthvert býli sem var um 30 km frá okkar húsi og sagði okkur systkinunum ekki frá því. En það sem er svo skemmtilegt er að kötturinn kom aftur til okkar rúmum þremur mánuðum seinna, hann rataði heim og vá hvað ég var glaður. Í þessu tilfalli var það Carpú sem veitti mér innblástur,“ segir kattavinurinn og undrabarnið Namosh.

Áttu marga ketti?

„Neinei, bara einn en ég á fullt af plastköttum og bara alls konar köttum. Ég á meira að segja plötur með fullt af alls konar kattahljóðum; reiðum köttum og allt,“ segir Namosh. Þegar viðtalið er farið að snúast um ketti er kominn tími til að slá botninn í þetta. Ef þið viljið meira af Namosh er ráð að mæta á Nasa næstkomandi laugardagskvöld og hlusta á góða elektróslagara.

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Dikta	Breaking The Waves
2.	Bloc Party	Helicopter
3.	The Subways	Rock N Roll Queen
4.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Kokaloca
5.	Shinedown	Save Me
6.	Children Of Bodom	Oops, I Did It Again
7.	Buff	Amores Perros
8.	VaxYour Hair	Is Stupid
9.	System Of A Down	Hypnotize
10.	Mew	Special
11.	Avenged Sevenfold	Bat Country
12.	Ampop	My Delusions
13.	Goldie Lookin Chain	HRT
14.	Weezer	Perfect Situation
15.	Hairdoctor	Major Label
16.	Pendulum	Slam
17.	Singapore Sling	Saul
18.	Niifisk	On Display
19.	Matsiyahu	King Without A Crown
20.	Dead Sea Apple	Bearer Of Bad News

DIKTA VERMIR TOPPSÆTIÐ.



SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	White Stripes	My Doorbell
2.	James Blunt	Goodbye My Lover
3.	Kelly Clarkson	Gone
4.	Chris Brown	Run It
5.	Fall Out Boy	Sugar, We're Going...
6.	Eminem	When I'm Gone
7.	Lifehouse	Blind
8.	Darren Hayes	So Beautiful
9.	Daniel Powder	Free Loop
10.	Beyonce Knowles	Check On It
11.	Ryan Cabrera	Photo
12.	Rihanna	If It's Lovin That...
13.	Fort Minor	Believe Me
14.	Sugababes	Ugly
15.	Craig David	Don't Love You No More
16.	Ashlee Simpson	L.O.V.E.
17.	Neyo	So Sick
18.	Jamie Foxx	Extravaganza
19.	Ampop	My Delusions
20.	Nickelback	Photograph

WHITE STRIPES ERU Á TOPPI ÍSLENSKA LISTANS.



Það er gott að spara! Spurðu Rabba bara

Rafn Árnason sparar fasta upphæð mánaðarlega og skuldfærir hana af E-kortinu sínu. Hann fjárfestir í Alþjóðlega hlutabréfasjóðnum sem gaf 20,15% ávöxtun á síðasta ári*. Þannig hefur Rafn á einfaldan hátt nýtt sér sterka stöðu íslensku krónunnar og eignast alþjóðlegt safn hlutabréfa.

SPRON Verðbréf eru með fimm verðbréfasjóði til sölu og eru þeir lausir til innlausnar hvenær sem er.

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af sölubókun allt árið 2006. Kynntu þér úrval sparnaðarleiða hjá SPRON Verðbréfum í síma 550 1310 eða á www.spronverdbref.is.

*Nafnvöxtun miðað við 01.08.2005–01.01.2006 á ársgrundvelli.

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

 **SPRON**
VERÐBRÉF



Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þessa fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðs lýsingu hjá SPRON Verðbréfum.



ÚTSÖLUMANÍA

SUMIR SEGJA FUSS OG SVEI ÞEGAR ÞEIR HEYRA MINNST Á ÚTSÖLUR EN AÐRIR HOPPA HÆÐ SÍNA OG ÖSKRA JIBBÍ JEI! NÚ ER FEBRÚAR-MÁNUÐUR GENGINN Í GARÐ OG VIÐ SKULUM STANDA UPP ÚR SÓF-ANUM OG DUSTA RYKIÐ AF OKKUR OG DANS-SKÓNUM. FARIÐ ÚT MEÐAL FÓLKS, DANSIÐ OG LEIKIÐ YKKUR. ÁÐUR EN ÞIÐ FARIÐ ÚT Á LÍFIÐ GETIÐ ÞIÐ GERT GÓÐ KAUP HJÁ GYLTA KETTINUM SEM ER MEÐ BAZAR, SPÚTNIK SEM ER MEÐ KÍLÓMARKAÐ, ELVIS SEM ER MEÐ ÞRJÚ VERÐ OG ROKKI OG RÓSUM. ALLAR ÞESSAR BÚÐIR GERA YKKUR KLEIFT AÐ GRAMSA OG TRYLLAST ÁN ÞESS AÐ FARA AURALAUS ÚT.

SIRKUSMYNDIR VALLI

JÓNA, KJÓLL 800, LEGGINGS 2500, HÆLAR 2300, HÁRSKRAUT 3200, ÚR 3800 OG EYRNALOKKAR Á 1200 KRÓNUR, ALLT FRÁ GYLTA KETTINUM.



22




STEINUNN ER KLÆDD Í KÍLÓ Á 3500 OG Á HÆLUM Á 1000 KRÓNUR, SPÚTNIK.



HEIMIR ER KLÆDDUR Í SKYRTU Á 4600, BUXUR NÚ 3900, HATTUR NÚ 1200 OG SKÓR Á 4800 KRÓNUR, FRÁ GYLTA KETTINUM.



ADAM SKARTAR KÍLÓ Á 3500 OG KÚREKASKÓM SEM ERU Á 3500 KRÓNUR, FRÁ SPÚTNIK.



ÁRNI SKARTAR KÍLÓ Á 3500 KRÓNUR OG SKÓM Á 1000 KRÓNUR, ALLT FRÁ ELVIS.



SÓLEY, KJÓLL NÚ 2500, STÍGVÉL NÚ 4000, EYRNALOKKAR 1500 OG HÁLSMEN Á 1600 KRÓNUR, FRÁ ROKKI OG RÓSUM.



MEGA.is

VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI - SKEMMTILEGASTA VEF LANDSINS SEM OPNAR Í DAG, 1. FEBRÚAR!



Á MEGA.IS ERU TÖLVULEIKIR Í HUNDRAÐATALI - BÆÐI ÓKEYPIS VEFLEIKIR OG PC LEIKIR SEM ÞÚ GETUR PRÓFAÐ FRÍTT!

SMOKE ATTACK



NÁÐU ÞÉR Í ÓKEYPIS EINTAK AF SMOKE ATTACK OG SKJÓTTU ÞÉR INN FERÐ TIL ÚTLANDA MEÐ ICELAND EXPRESS!



www.mega.is

TYGGA PATAAL

MEÐ
AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



NASA VIÐ AUSTURVÖLL

FORSALA ER HAFIN Í VERSLUNUM
SKÍFUNNAR OG Á midi.is

www.salonbronze.is

Airbrush brúnkusprey til heimilisnota



**Salon
Bronze™**

- Virkar strax
- Endist í 7-10 daga
- Náttúruleg brúnka, falleg og jöfn



Líttu vel út í skammdeginu

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTIÐIR FÖSTUDAGUR 3. FEBRÚAR



CAFÉ ÓLIVER

Óle óle óle, Óliver, Óliver. Þeir Arnar og Gunnar á Óliver kunna að starta helginni með pompi og prakt. Þeir hafa fengið DJ JBK til þess að starta helginni með dúndur diskaslag. Hann mun njóta fulltingis austurlensks kraftaverkamanns. Forvitnilegt.

CAFÉ VICTOR

Victorsmenn eru alltaf í Idol stuði á föstudögum og það er engin haugalygi. Nehei. Þeir verða að sjálfsgöðu með Idolið í beinni á risaskjá. Hver dettur út? Hver slær í gegn? Þetta færðu all að vita á Victor. Jón Gestur sér svo um að hrista fólkið til á dansgólfinu að Idolinu loknu.

SÓLON

Sólon er í sannkölluðu EM skapi þessa dagana eins og flestir Íslendingar. Leikir dagsins eru sýndir í beinni og léttvín á tilbóði allan daginn. Þegar kvöldi tekur stígur DJ Heiðar Austmann út úr rykinu og spilar tryllta tóna fyrir gesti Sólons sem dansa allir eins og þeir eigi lífið að leysa.

BAR 11

Ví vill rokk jú á Bar 11. DJ Palli í Maus mun tækla föstudagskvöldið og fer pottþétt alveg laúflétt með það. Hann veit alveg hvað hann er að gera þessi magnaði fyr. Þú ætlar þó ekki að láta þig vanta er það? Hann spilar frá miðnætti fram undir morgun.



STÚDENTAKJALLARINN

Það verður raftónlistarveisla í Stúdentakjallaranum á föstudagskvöldið. Það er vissara að setja mikið af mykingarefni í þvottinn ef þú ætlar ekki að verða of rafmagnaður. Fram koma: Dj Musician, aka Pétur Eyvindsson, Stilluppsteypa, FKKK (FlotaKona KinaKota) og DJ Iear, aka Ægir Þór Þórðarson. Snilldar lænöpp á snilldar kvöldi.

VEGAMÓT

Það er ekki Simmi í Idolinu sem ætlar að spila fyrir djammara sem detta inn á Vegamót um helgina. Það er hinsvegar DJ Simmi sem mun sjá um sína þetta magnaða kvöld. Kvöldið þegar enginn situr heima.

NASA

Flex music og Þruman flexa einhvern feitasta og heitasta babar sem sögur fara af. Það er hvorki meira né minna en Max Grahm sem mun sjá um að halda uppi gáskafullu partíi á Nasa. Hann þarf ekkert að finna aðra plánetu til þess.

GAUKURINN

Ef einhver er með hlutina á hreinu þá er það DJ Buddy Love. Hann verður á efri hæð Gauksins um helgina og gefur dansþyrstum Íslendingum ástæðu til að dansa. Á neðri hæðinni er það ofurbandið Oxford sem heldur öllu gangandi sem þarf að ganga. Bandið er nýkomið frá Oxford í fantaformi.

THORVALDSEN

Daddara. Það er sjálfur Daddi Diskó sem hristir villta kroppa á Thorvaldsen um helgina. Hann hefur verið í faginu í 35 ár og er fyrir löngu búinn að læra hvernig á að láta fólk dansa og glansa, maður lifandi.

NELLY'S

Can't Touch this. Nei það er hljómsveitin Touch sem spilar fyrir dansi. Allar Nellytettur landsins eru beðnar um að mæta á Nelly's og hlusta á almennilegt rokk. Dönsum dátt og syngjum á Nellaranum. Nellytettur, þetta er ykkar tími.

LAUGARDAGUR 4. FEBRÚAR

CAFÉ ÓLIVER

Hver ætlar að koma með bassa í kvöld? Það er spurning sem auðvelt er að svara þegar Café Óliver er annars vegar því búið er að fela manni það verkefni að koma með aukabassa í húsið. Sá sem ætlar að fóna sér í það er enginn annar en DJ Balli. Úff! Þetta verður rosalegt.

CAFÉ VICTOR

DJ Jón Gestur er nýklipptur og kankvís. Vel rakaður og hver veit nema hann mæti með dónött í kvöld. Hann verður allavega í stuði – svo mikið er nú andskoti víst. Fólk ræður hvort það missir af kappanum en þó er ráðlagt að gera það ekki.



NASA

Það er Elektróandlitið Namosh sem kemur sjóðheitt frá Berlín og spilar fyrir gesti og gangandi. Þetta er af mörgum talin bjartasta von elektrótónlistarinnar sem er í stöðugri sókn. Hairdoctor og fleiri snillingar hitta upp fyrir meistara Namosh.

SÓLON

Það verður tvíþætt skemmtun á Sólon um helgina. Austmennið Heiðar verður með allt í gangi á efri hæð hússins eins og honum einum er lagið. Svo er það DJ Andrés sem spilar á neðri hæðinni og tekur á móti fólki áður en það arkar upp til Austmannsins.

BAR 11

Gulli í Ósóma sér þó sóma sinn í því að drattast niður á Ellefu á laugardagskvöldið og spila almennilega tónlist fyrir gesti staðarins. Það kann hann og fá þeir sem sækja staðinn að njóta þess til hins ítrasta. Eitthvað sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Hann spilar þangað til gestirnir dansa yfir sig.

GAUKURINN

Gaukurinn hefur engu gleymt. Hallelúja. Í samvinnu við Rafæna Reykjavík heldur staðurinn dúndurtónleika á laugardagskvöldið. Á neðri hæðinni koma fram Reykjavík swing orchestra, Mr. Silla & Mongooze, Hermigervill, DJ's, Knob, Exos og DJ Biogen. Á efri hæðinni ætlar Dj. Buddy Love að halda sínu striki.

THORVALDSEN

Hlynur Mastermix kann að mixa það heitasta og kann að láta fólk mixa saman danssporun á gólfinu svo útkoman verði geðveik. Hann spilar á Thorvaldsen um helgina. Þetta er nokkuð sem enginn ætti að láta sig vanta á. Farðu á Thorvaldsen og fáðu allt fyrir peninginn.

NELLY'S

Það er ekki súpa dagsins, heldur DJ hússins sem sér um fjörið á Nelly's á laugardagskvöldið. Nellytettur, mætið þið?

VIKAN

CAFÉ ÓLIVER

The Jazzy Havanas spila alltaf á bransakvöldunum sem haldin eru á Óliver á sunnudagskvöldum. Það er nokkuð sem enginn ætlar að láta sig vanta á.

SÓLON

Það verður bröns, handbolti og enski boltinn í beinni á breiðtjaldi Sólons á sunnudaginn. Þetta geim verður í gangi allan daginn og að sjálfsgöðu á enginn að láta sig vanta frekar en fyrri daginn.

LANDSBYGGÐIN

DÁTINN Á AKUREYRI

Það verður heldur betur fjör á Akureyri um helgina þegar DJ-drottningin Lilja lætur til sín taka. Það verður heldur betur dansað fyrir norðan og rúmlega það. Svo verður gyllta vatnið líka á góðum kjörum eins og alltaf.

SJALLINN

Ævintýrin gerast í Sjallanum. Þannig verður það að minnsta kosti á laugaradagskvöldið þegar stjórnumandið Sent telur í á svokölluðu stjórnumfesti. Klæddu þig upp eins og Britney Spears, James Bond, Brad Pitt eða Geirmundur Valtýsson. Þetta verður geðveikt stuð og ekkert annað. Fáðu þínar fimmtán mínútur af frægð á silurfati.

YELLO

Yello er að koma fáránlega sterkur inn. Það hálf væri hellingur. Um helgina verður það Atli skemmtanalögga sem sér um fjörið og fer að lögum. Þetta er nokkuð sem enginn á Suðurnesjum ætti að láta framhjá sér fara.

KAPLAKRIKI

Bó ætlar að blóta þorranum í Kaplakrika um helgina. Þar verður haldið risa þorrbót og risa dansleikur þar á eftir. Hetjur eins og Hemmi Gunn og Maggi Kjartans ætla að mæta á svæðið og sleppa sér á dansgólfinu. Láttu þig ekki vanta en mundu samt að það er ekki gó fyrir en Bó segir gó.

PLAYERS

Það verður nóg um að vera á Players. Strákarnir í Á móti sól verða með rokna dansball á föstudagskvöldið þar sem Magni kemur í vígahug eftir Evróvisjónkeppnina um síðustu helgi. Síðan er það stórsveitin Bermúda sem stígur á stökk á laugardagskvöldið en söngkona sveitarinnar sló einmitt í gegn í bakröddum lagsins Hamingjusöm í undankeppni Eurovision á laugardaginn.

GRUNNUPRINN Á DRYKKJUMENNSKUNNI

„Drykkurinn minn? Ætli það sé ekki vodki á klaka eða bara bjór,“ segir Edda Ívarsdóttir skífupeytir sem spilar iðulega með Öddu vinkonu sinni. „Vodki á klaka er svona minn beisik drykkur. Man ekki hvenær ég smakkaði hann fyrst eða hvers vegna þetta er minn uppáhaldsdrykkur. Drykkurinn er hins vegar algjörlega grunnurinn á drykkjumennskunni. Svo er náttúrliga bjórinn svo góður og alltaf



klassiskur,“ segir Edda sem er nú á leið til Hollands ásamt Öddu að spila á þorrbóti hjá Íslendingafélaginu. Því segjum við bara gangi ykkur vel og have fun. Edda Ívarsdóttir, nemi í Listaháskólanum og plötusnúður.

Sádóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LISTASÝNINGAR



AURUM

Ljósmyndarinn Katrín Elvarsdóttir sýnir myndir sem eru hluti af seríunni Heimþrá. Sýningin stendur til 3. febrúar. Síðustu forvöð!

ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Sýning á verkum Valgerðar Hauksdóttur myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin er sjöunda í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki – listhlöðu í Borgarbókasafni.

101

Ásmundur Ásmundsson. Sýningin verður til 25. febrúar. Bananas.

CAFÉ KARÓLÍNA

Aðalsteinn Svanur Pétursson sýnir bleksprautuprentanir sem margir vildu geta státað sig af.

GALLERÍ 18

Ólafur Gíslason opnaði sýningu í 18 á fimmtudaginn s.l. sem mun nú standa yfir í nokkrar vikur. Áhugaverð sýning hjá Ólafi sem vert er að skoða.



HALLGRÍMSKIRKJA

Þær Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir verða með sýningu í kirkjunni háu til febrúarloka.

HRAFNI STA HAFNARFIRÐI

Sýning í Menningarsalnum á verkum Ellenar Bjarnadóttur. Sýningin stendur til 7. febrúar.

NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna húsið klikkar aldrei, hvort sem er til að fá sér smá í gogginn, glugga í blöð eða, eins og við leggjum til að þið gerið, að skella sér á myndlistarsýningu. Núna stendur yfir mjög áhugaverð sýning þriggja finnskra listamanna. Listamennirnir sýna verk sín til 5. febrúar. Kíkið endilega inn eða skoðið slóðina www.safn.is

LISTASAFN ASÍ

Þar stendur yfir spennandi sýning sem kallast Myndlist sv. hönnun. Þessi sýning stendur yfir til 5. febrúar, kíkið endilega inn og takið svo einn Laugara.

KARÓLÍNA RESTAURANT

Enginn annar en Óli G. verður með sýningu til loka aprílmánaðar. Sýningin kallast Týnda fiðrildið.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

120 ár frá fæðingu málarans Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. Sýningin er til 19. mars.

VEIÐISAFNIÐ Á STOKKSEYRI

Veiðisafnið er með óvanalega sýningu núna á laugardag og sunnudag. Verður fjölbreytt úrval skotvopna til sýnis frá ýmsum framleiðendum og veita starfsmenn frá Vesturröst upplýsingar um söluvöru sína sem og fylgihluti. Allt áhugafólk um skotvopn og veiðar velkomið. Þetta er árleg byssusýning og hægt er að fá nánari upplýsingar á vefnum www.hunting.is.

LISTASAFN ÍSLANDS

Myndlist II – Um rými og frásögn. Þrettán íslenskir samtímalistamenn sýna list sína. Sýningin stendur til 12. febrúar.

BAKSALURINN Í GALLERÍ FOLD

Laugardaginn 4. febrúar opnar Hulda Vilhjálmsdóttir málverkasýningu í Baksalnum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýningin heitir Náttúrusköp – the nature shape in creation. Opið er í Gallerí Fold daglega frá kl. 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 11.00 til 16.00 og sunnudaga frá kl. 14.00 til 16.00 meðan á sýningunni stendur.

LISTASAFN KÓPAVOGS

Á efri hæðinni er það Kristín Þorkelsdóttir sem fer af stað með sýningu sem hún nefnir Tvo heima. Sýnishorn af grafískri hönnun Kristínar, allt frá upphafi ferils hennar á síðari hluta sjötta áratugsins, verður í vesturensal safnsins. Á neðri hæð safnsins er sýning sem ber heitið Þræðir. Á henni eru um 20 kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Vefstofuna stofnaði Guðrún árið 1965 og rak í 20 ár.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Myndheimur Jónu Þorvaldsdóttur er sveipaður draumkenndum blæ, dulúð og mýkt sem hefur seiðandi áhrif á áhorfandann. Til sýnis í ljósmyndasafni Reykjavíkur. Jóna hefur farið víða um heiminn og tekið myndir á ýmsum stöðum. Flott sýning sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Myndir eftir Erró eru til sýnis og sýningin er til 23. apríl.

NÝLISTASAFNIÐ

Curver, sem breytti nafninu sínu með pompi og pragt á miðvikudaginn var, er með yfirlitsýningu á verkum sínum. Endilega kíkið þangað og njótið vel.

SKÚLATÚN 4

Hér er sýning og samsuða margra listamanna. Þessir listamenn eru úr ýmsum áttum og gæti verið áhugavert að líta þar inn.

LEIKLIST

FÖSTUDAGUR 3. FEBRÚAR.

CARMEN



Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins. Óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen, Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og hafði skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

KAFFIVAGNINN OG BLÁA LÓNIÐ

„Nú, helgin hjá mér byrjar á því að ég ætla að fara með bekkjarfélögum mínum í sumarbústað í sveitasæluna,“ segir Birgitta Birgisdóttir, leiklistarnemi. „Þar ætlum við að grilla og hafa það kósi af því það verður svo gott veður“, segir hún hlæjandi. „Á laugardaginn bið ég svo eftir óvæntum ævintýrum í hjarta Reykjavíkur. Ég fer bara á vit ævintýrana, er það ekki nokkuð góður viðburður? Á sunnudaginn ætla ég að taka það rólega, fara í Bláa Lónið og svo langar mig að bjóða vinkonum mínum á Kaffivagninn sem er klassískt á sunnudögum.“

Birgitta Birgisdóttir, leiklistarnemi.



SÝNA OG SJÁ AÐRAR SÝNINGAR

„Ég ætla að byrja helgina mína á því að fara á sýningu í Borgarleikhúsinu á fimmtudagskvöldið“, segir Valgerður Rúnarsdóttir dansari. „Þetta er sýningin Glæpur gegn diskóinu. Ég hef heyrt að hún sé alveg möst sýning og ætla því að drífa mig á hana. Ég er svo að sýna á föstudag og laugardag í Carmen sem er líka sýnt í Borgarleikhúsinu. Ég er að reyna að sjá fullt af sýningum því ég ákvað að janúar ætti að vera leikhúsmánuður. Á sunnudaginn ætla ég að reyna að sjá einhverja aðra leiksýningu. Ég held ég fari ekkert út að skemmta mér, það er svo mikið að gera hjá mér,“ segir hún frekar íbygginn. „Við erum að undirbúa sýningu í dansfloknum, þannig að ég held að ég tjilli og hafi það gott heima hjá mér. Það sem kemst að núna er bara að sýna og sjá aðrar sýningar.“

Valgerður Rúnarsdóttir, dansari



OPNUN HJÁ TOMMA

„Á föstudag er ég að spila á opnuninni hans Tomma sem verður í Nakta apanum,“ segir Magnús Birkir, betur þekktur sem Mongoose. „Á laugardaginn ætla ég að fara á opnun í gallerí Gyllinhæð kl. 17. hjá Gríssom gang, sem er hópur fjögurra ungra og hæfileikaríkra stúlkna, og flýta mér svo á Gaukinn að spila tónleika-sett á rafrænu Reykjavíkurkvöldi með Mr. Silla. Á sunnudag verð ég á fullu að vinna í „animation“ stuttmynd sem ég er að gera þessa dagana, sem vonandi endar sem myndarlegt tónlistarmyndband. Mig langar síðan voðalega mikið að fara í bíó, sjá Walk the Line um Johnny Cash eða Brokeback Mountain. Svo kannski maður skelli sér á Austur-Índíafélagið, það eiga allir að prófa að borða á þar.“

Magnús Birkir Skarphéðinsson, tónlistarmaður og nemi.





FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjáláð þar á bæ. Sýningar hafa gengið fyrir fullu húsi síðan í haust. Þeir sem hafa ekki ennþá séð þetta skemmtistykki verða bara að kaupa sér miða og sjá sýninguna klukkan átta í kvöld.

MANNTAFL

Það eru síðustu sýningar á einleik Þórs Túlníus. Núna fer hver að verða síðastur að tjekka á þessu snilldarleikriti sem er sýnt í Borgarleikhúsinu. Í kvöld er aukasýning og hefst hún klukkan átta.

NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið urskeiðis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskeyttum húmor. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á litla sviði Borgarleikhússins.

HIMNARÍKI

1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og verið sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G, Elma Lísá og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðkunnnum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta leikrit sem sló í gegn þegar það út kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, brodborgara og bófa.

TYPPATAL

Auðunn Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatal og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillemann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir og Jón Atli Jónasson þýddi verkið. Höfundurinn, Richard Herring, byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um aðaldrátt karlmannsins var svarað. Sýningin hefst klukkan hálfnótt á Nasa en húsið verður opnað klukkan átta.

LAUGARDAGUR 4. FEBRÚAR

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og hafði skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin er klukkan fjögur í dag og einnig er sýning klukkan átta.

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjáláð þar á bæ. Sýningar hafa gengið fyrir fullu húsi síðan í haust. Þeir sem hafa ekki ennþá séð þetta skemmtistykki er eindregið bent á að útvega sér miða á sýninguna klukkan sjö í kvöld eða á aukasýninguna klukkan tíu í kvöld.

NAGLINN

Nýtt verk eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið fyrir bí þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskeyttum húmor. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á litla sviði Borgarleikhússins.

HIMNARÍKI

Var sýnt 1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G, Elma Lísá og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta.

KALLI Á ÞAKINU.

Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta leikrit sem sló í gegn þegar það út kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, brodborgara og bófa.

TYPPATAL

Auðunn Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatal og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillemann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir Jón Atli Jónasson þýddi verkið. Höfundurinn, Richard Herring, byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um aðaldrátt karlmannsins var svarað. Sýningin hefst klukkan hálfnótt á Nasa og húsið opnar klukkan átta.

SUNNUDAGUR 5. FEBRÚAR

ÖSKUBUSKA

Þetta magnaða ævintýri verður frumsýnt í Íslensku óperunni um helgina. Þarna fara okkar fremstu söngvarar með stór hlutverk en ber þar hæst að nefna hinn unga og myndarlega Garðar Thor Cortés. Uppselt er á frumsýninguna en til eru lausir miðar á næstu sýningar.



BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla Sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og hafði skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

KALLI Á ÞAKINU.

Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann. Það verður einnig aukasýning á þessu vinsæla leikriti klukkan fimm.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Barnaleikrit sem hentar öllum aldri. Farið er í ævintýraheim



H.C. Andersen. Handritið er byggt á nokkrum vel völdum ævintýrum hins danska höfundar. Björgvin Franz Gíslason stelar senunni í þessu flotta verki. Verkið var fyrst sýnt fyrravetur og gengur enn vegna vinsælda. Sýningin hefst klukkan tvö og er hún sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins.

MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mindcamp sem sýnd er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Einkar áhugaverð sýning.

SUNNUDAGSKVÖLD MED SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur í smíðaverkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýningu og umræður á eftir.

MÁNUDAGUR 6. FEBRÚAR

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og hafði skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

ÞRIÐJUDAGUR 7. FEBRÚAR

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og hafði skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

MIDVIKUDAGUR 8. FEBRÚAR

TYPPATAL

Auðunn Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatal og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillemann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir og Jón Atli Jónasson þýddi verkið. Höfundurinn, Richard Herring, byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um höfuðdrátt karlmannsins var svarað. Sýningin hefst klukkan hálfnótt á Nasa en húsið opnar klukkan átta.

FIMMTUDAGUR 9. FEBRÚAR

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

Lokaskrefið í átt að fullkomnun hefur verið tekið

Fólkið á Eldsmiðjunni hefur
hannað nýtt merki yfir gæði!

- Eldbakaðar pizzur
- Kaffihús
- Súrdeigsbeyglur og samlokur
- Heilsuvafningar og súpur
- Kósí krá á kvöldin

Heimsending / Take Away
Sími 561 3838



„Skemmtistaður bragðlaukanna“

Þetta merki prýðir nýjan og stórglæsilegan veitingastað að Laugavegi 81, Reykjavík Pizza Company.

Þótt Eldsmiðjan sé nokkrum skrefum framar en aðrir í gæðum og frumleika, þá er það í verkahring RPC að taka pizzuna skrefinu lengra í átt að fullkomnun. Hvergi er sparað í gæðum og þar mun frumleikinn fá að njóta sín í bragði.



Laugavegi 81 - 101 Reykjavík - Sími 561 3838
www.rpco.is - rpco@rpco.is

DREKKUR RJÓMA 7 SEM HEFÐU ÁTT AÐ TAKA VIÐ AF ÓLA GEIR

ÓLI GEIR VAR SVIPTUR TITLINUM HERRA ÍSLAND



TIL AÐ STÆKKA Á SÉR BRJÓSTIN

BRYNJA NORÐFJÖRÐ ÆTTI AÐ VERA EINHVERJUM KUNN EFTIR AÐ HÚN VAKTI ATHYGLI MEÐ ÞÁTTTÖKU SINNI Í UNGFRÚ REYKJAVÍK Á SÍNUM TÍMA. NÚ HEFUR BRYNJA LAGT BORÐANA Á HILLUNA OG VILL EINBEITA SÉR AÐ ÞVÍ AÐ MIÐLA HÆFILEIKUM SÍNUM TIL ANNARRA STÚLKNA SEM ERU EKKI EINS GÆFUSAMAR OG HÚN SJÁLÞ.

„Ég vil bjóða stelpunum upp á það að kenna þeim að klæða sig frá toppi til táar, bara taka þær alveg í gegn og fara með þeim að versla,“ segir Brynja Norðfjörð, starfsmaður í Dagþjónustu fatlaðra í Reykjavík, en hún hefur lengi gengið með þann draum í maganum að stofna ráðgjafarþjónustu fyrir ungar stúlkur.

HÆFILEIKARÍK

„Ég er menntaður förðunarfræðingur frá Make up forever svo ég myndi vilja kenna stelpunum að mála sig fallega,“ segir Brynja en hún segist hafa mikla reynslu af því að vinna við tiskutengda hluti og hafa gott auga fyrir fegurð og stíl. „Ég er algjör snillingur að velja hvað fer stelpum vel, ég virðist bara hafa fengið þetta í vöggugjöf, ég er bara svona hæfileikarík,“ segir Brynja og hlær. Brynja tók einmitt þátt í Ungfrú Reykjavík á sínum tíma þar sem hún fékk góða fræðslu um heilsufræði og mataræði.

MÆLIR MEÐ KANILHAFRAGRAUTNUM

„Ég mun kenna stelpunum að borða rétt og hugsa um heilsuna því ég veit allt um mataræði frá A til Ö,“ segir Brynja en hún segist þó ekki æfa neina sérstaka líkamsrækt fyrir utan þá skemmtilegu iðju að slíta dansskónum í miðborg Reykjavíkur. „Grunnurinn er auðvitað að kenna þeim að versla hollt í matinn svo ég myndi fara með þeim í búðirnar og velja fyrir þær í innkaupakörfuna,“ segir hún hress en hún hefur mörg leyndarmál í pokahorninu hvað gott mataræði varðar. „Ég mæli alveg sérstaklega með kanilhafragraut með eplum út á, það er alveg rosalega hollt og gott.“

DREKKUR RJÓMA

„Dívurnar í gamla daga eins og Marilyn Monroe og Sophia Loren drukku rjóma til að stækka brjóstin og rassinn. Mér finnst æðislegt að vera með smá booty svo að ég drekk alltaf rjóma til þess að fá stærri brjóst. Og þau stækka, það er satt,“ segir Brynja og bætir við að stelpur með smá hold séu mun kynþokkafyllri en



þær sem grennri eru. En hvernig ætli standi á því að starfsemin er ekki enn orðin að veruleika? „Það er ekkert mál að koma þessu fyrirtæki í gang, það þarf bara smá fjármagn í þetta,“ segir Brynja en hún er einmitt í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þegar blaðamaður nær í skottið á henni. „Ég er á leiðinni út til London á námskeið hjá svona lífsstílsþjálfara sem er rosalega klár, hefur þjálfað Opruh og alla Bandaríkjaforsetana og líka Díönu prinsessu. Námskeiðið fjallar í raun um það hvernig maður á að ná markmiðum sínum svo að ég ætla bara að koma ennþá sterkari heim. Þetta er það sem mig langar til þess að gera.“



INGVAR Í FAZMO

Sætur strákur sem er að reyna að bæta ímyndina og vill verða fyrirmynd.



SAMMI Í JAGÚAR

Hann þykir víst kynþokkafullur.

DAVÍÐ ODDSSON

Bubbi kóngur – fegurðarkóngur.



ÁSGEIR KOLBEINZ

Hár, myndarlegur, með góða brúnku og MIKLU stærri en Óli Geir.

FRIDRIK ÓMAR

Lítill, aflitaður og með gult andlit. Það er það sem þarf.



MAGNÚS JÓHANN VILHJÁLMSON

Fyrsti samkynhneigði herra Ísland og mjög sætur tappi.

GEIRI Á GOLDFINGER

Hann veður í kellingum.



OG EDDAN FYRIR BESTA HLJÓÐ FER TIL... KALLANNA!

Jæja, þá er fyrsti þátturinn búinn. Hann var að sjálfsgöðu ekkert eðlilega góður. Það er svo magnað, það skiptir engu máli hvað við kallarnir gerum, það verður allt HQ. Við bjuggum til besta útvörspátt sögunnar sem hét Kjeppinn. Þar voru ég, Hjóbba Ká og PartyHanz alla laugardaga frá rúmlega 14 til sirka 18. Við gerðum margt sniðugt í þeim þætti, meðal annars hringdum til Bandaríkjanna og töluðum við gæja sem hét John Cock. Við hringdum örugglega í svona 40 gæja sem voru allir með eftirnafnið Cock. „Who is this?“ „John.“ „John who?“ „John Cock.“ Og síðan sprungum við úr hlátri. Tippahúmorinn klikkar seint. Þegar við strákarnir ákváðum síðan að gefa hlustendum verðlaun gáfum við þeim yfirleitt harðan. Þá fór PartyHanz ber að ofan út á bílastæði með hann harðan í einhverju rugli. Það var líka fastur liður hjá okkur að vera berir að ofan milli 16 og 17. Það var rosalega vinsælt.

En ég verð samt að viðurkenna það að það þarf aðeins að skeina okkur eftir fyrsta þáttinn. Hráefnið var vissulega mjög gott og innihaldið ákaflega skemmtilegt en rettarðurinn sem átti að sjá um hljóð og mynd skeit allsvakalega á sig. Ég á ekki að þurfa að hugsa um hljóð þegar ég er að búa til skothelt sjónvarpsefni, það á ekki að vera minn höfuðverkur. Ég og Hjenz bókum menn í þættina, leikstýrum og klippum. Eigum við að vera andskotans hljóðmenn líka! Ég efa það stórléga að George Clooney hafi verið hljóðmaður í Oceans Eleven. Ég hringdi í Gussa um daginn og það var á tali, ég hringdi í fyrradag og það var á tali. Ég hringdi í hann í gær og



það var á tali. Ég fór heim til hans en það kom enginn til dyra, en samt sem áður var kveikt inni í svefnherberginu hjá honum. Ég held að Gussi sé ekki búinn að gera neitt annað en að tappa af eftir að við tókum hann í gegn. Sem kemur að sjálfsgöðu ekkert á óvart. Gussi var myndarlegur en varð enn myndarlegri eftir smá lagfæringar.

Það er mikið búið að ræða stóra Óla Geirs-málið undanfarið. Það virðast flestallir hafa skoðanir á þessu. Átti að svipta hann, átti ekki að svipta hann. Persónulega væri mér skítsama ef ég væri sviptur þessum helvítis titli. Hann er búinn að koma í sjónvarpinu, hann er kominn með 600 kellingar á MSN og það vita allir að hann vann. Þessi keppni er líka búin að fara svo niður á við undanfarið ár. Það þótti alveg einu sinni töff að fara í Herra Ísland. Þá var einhver standard á þessari keppni. Núna getur Eyvi Karls sótt um inngöngu og hann myndi fljúga inn! Korka bara þessa helvítis keppni!



Hvað er ég búinn að segja það oft að til þess að ná árangri þarf menn með pung við stjórnmölinn! Þegar Viggó Sigurðsson ákvað að hlusta á Neggerinn og gerast flugdólgr þá var ég ákaflega stoltur af honum. Það er einmitt kaffi um flugdólgrin í Biblíu Fallega Fólksins, enda mjög mikilvægt að geta framkvæmt hana rétt. Það var hellingur af liði sem röflaði og var óánægð eftir að Viggó dólgaði heila flugvél, en ég fagnaði því. Ég hef sjaldan verið jafn stoltur, loksins þjálfari með pung! Og ég vissi líka þegar ég heyrði þetta með Viggó að þarna er maður sem nær árangri. Og hvað gerist, jú, við tókum þessa skítugu Rússa og flengdum þá.

REYNDAR þurfti að skeina okkur eftir Króataleikinn, en það munaði um það að missa Einsa Hólm út af í byrjun leiks. Alexander Petersson fær líka hrós dagsins frá Neggerum fyrir að spila allan seinni hálfleikinn á móti Rússunum kjálkabrotinn. Greinilega nagli þarna á ferð! En það er bara eins gott að þeir hafi náð að rasskella helvítis rauðhærðu Norðmennina!

Þangað til næsti Sæææalar! Kv, Gillz.

GERIMAX

n j ó t t u þ e s s a ð v e r a t i l

Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

GERIMAX

Frábær samsetning af vítamínum, steinefnum og Ginseng.

Gerimax – styrkur, aukið þol og betri einbeiting til að takast á við verkefni dagsins

Útsölustaðir: **Apótekin, Hagkaup, Nóatún, Samkaup, Nettó og Úrval.**

